

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B139-141

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 139-141**

**Nr. 909-962**

**2003**

## Efnisyfirlit B 139–141 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
909	9. des.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulags- áætlun í Reykjavík .....	2717
910	15. des.	Reglugerð um beingreiðslur í garðyrkju árið 2004 .....	2718-2721
911	4. des.	Skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Unicef Ísland .....	2722-2725
912	20. nóv.	Samþykkt um gatnagerðargjald í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi .....	2725-2727
913	5. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. reglugerð nr. 553/2001 .....	2727-2728
914	2. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 540/2001, um tíma- bundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða .....	2728
915	1. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 923 29. nóvem- ber 2001 .....	2729
916	5. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur .....	2729
917	3. des.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirtilrit í Arnarneshreppi .....	2729-2730
918	8. des.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 .....	2730
919	8. des.	Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga .....	2731
920	8. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 809/2003 um geislavarnir við notkun opinna geislalinda .....	2731-2734
921	25. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. 365/ 1998 .....	2734-2735
922	8. des.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveit- arfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir, Skorradalshreppi .....	2735
923	8. des.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveit- arfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Stóri-Ás, Borgarfjarðarsveit .....	2736
924	25. nóv.	Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bakkaflug- vallar, Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra .....	2736
925	8. des.	Samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ .....	2737-2738
926	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Reykárhverfi við Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit .....	2739
927	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988- 2008, íbúðarsvæði neðan Strandgötu, vestan Ljósár, Fjarða- byggð .....	2739
928	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987- 2007, lóð við Miðgarð .....	2740
929	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987- 2007, lóðir við Lækjarvelli .....	2740
930	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995- 2015, Ásar (ÍB-2), Hraunsholt .....	2740-2741
931	5. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness ....	2741
932	4. des.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hönnu og Harald Hope .....	2741-2743

# STJÓRNARTÍÐINDI B 139 – 2003

---

9. desember 2003

2717

Nr. 909

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

#### *Hólmsheiði, Trippadalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. september 2003, deiliskipulag fyrir aðveitustöð í Trippadal, Hólmsheiði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Klettagarðar 5 og 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. september 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir Klettagarða 5 og 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grafarholt, athafnasvæði, Vínlandsleið 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vínlandsleið 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 9. desember 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**



# STJÓRNARTÍÐINDI B 140 – 2003

Nr. 910

2718

15. desember 2003

## REGLUGERÐ

### um beingreiðslur í garðyrkju árið 2004.

#### I. KAFLI

#### Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.

##### 1. gr.

##### *Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.*

Árið 2004 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 195 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2004.

##### 2. gr.

##### *Skipting beingreiðslna milli afurða.*

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

- a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, plómu-, kjöt- og klasatómötum) alls 91 milljón kr.
- b) Gúrkur alls 74 milljónir kr.
- c) Paprika alls 30 milljónir kr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagni milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu.

##### 3. gr.

##### *Útreikningur beingreiðslna á afurðaeiningar.*

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð samkvæmt 2. gr. skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar 2004 að telja. Flokka skal gúrkur, tómata og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Beingreiðslur sem koma á tómata skulu ákvarðaðar þannig að á hvert kg tómata sem seldir eru í maí greiðast tvöfalt hærri beingreiðslur en á hvert kg selt í öðrum mánuðum ársins. Greiða skal 25% álag á beingreiðslur vegna framleiðslu á litaðri papriku, þ.e. annarri en grænni.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um sölumagn þessara afurða yfir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör samkvæmt 12. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna samkvæmt 2. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem fram hafa farið. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

#### 4. gr.

##### *Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna.*

Bændasamtök Íslands skulu tvisvar á árinu 2004, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október endurskoða spár um framleiðslumagn ársins og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu, sbr. 3. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa skulu þær endurreiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu. Bændasamtök Íslands tilkynna handhöfum beingreiðslna þessar ákvarðanir hverju sinni.

## II. KAFLI

### **Réttur til beingreiðslna, umsóknir, gjalddagar, ofgreiddar beingreiðslur o.fl.**

#### 5. gr.

##### *Réttur til beingreiðslna.*

Réttur til beingreiðslna árið 2004 er bundinn því skilyrði að framleiddar séu gúrkur, tómatar eða paprika á hlutaðeigandi garðyrkjubýli. Þessi réttur er bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda. Með garðyrkjubýli er hér átt við lögaðila eða býli með virðisaukaskattskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

Framleiðendur, sem tóku við beingreiðslum á árinu 2003 þurfa ekki að sækja sérstaklega um beingreiðslur fyrir árið 2004, en þeir skulu skila áætlun til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. febrúar 2004, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2004. Feli áætlun í sér meiri en 10% frávik frá framleiðslu síðasta árs skal gera sérstaka grein fyrir henni. Einnig skal liggja fyrir fullnaðaruppgjör vegna ársins 2003 áður en beingreiðslur fást greiddar vegna ársins 2004.

#### 6. gr.

##### *Umsóknir.*

Þeir aðilar sem ekki tóku við beingreiðslum á árinu 2003 en vilja öðlast rétt til þeirra að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. gr., skulu senda umsókn til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. febrúar 2004. Þá skulu umsækjendur skila áætlunum skv. 5. gr.

Ef fullnægjandi gögnum samkvæmt 1.–2. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrr en framleiðendur hafa gert úrbætur.

## 7. gr.

*Handhafar beingreiðslna.*

Handhafi beingreiðslna er ábúandi lögbýlis eða einstaklingur/lögaðili sem stendur að rekstri garðyrkjubýlis. Á hverju garðyrkjubýli skal einungis vera einn handhafi beingreiðslna. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Honum er óheimilt að framvísa þeim beingreiðslum sem honum ber til annars aðila.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir handhafa beingreiðslna.

## 8. gr.

*Gjalddagar beingreiðslna.*

Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2004 og síðan 1. hvers mánaðar vegna sölu næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu sé skilað á réttum tíma, sbr. 11. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

## 9. gr.

*Ofgreiddar beingreiðslur.*

Framleiðendur sem hafa tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skulu endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi. Ef til þess kemur að úrskurða þurfi um rétt til beingreiðslna skulu Bændasamtök Íslands halda eftir af beingreiðslum til framleiðandans þeirri fjárhæð sem ágreiningur er um að viðbættu 50% álagi.

## 10. gr.

*Viðskipti sem réttur til beingreiðslna takmarkast við.*

Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu. Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum sem hann hefur keypt af öðrum. Réttur framleiðanda til beingreiðslna fellur niður annist hann kaup á gúrkum, tómötum eða papriku til eigin rekstrar, endursölu eða umboðssölu.

## III. KAFLI

**Upplýsingar og gögn um sölu afurða o.fl.**

## 11. gr.

*Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.*

Handhafar beingreiðslna skulu senda Bændasamtökum Íslands mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 12. næsta mánaðar eftir að sala fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og landnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Afreikninga eða sölunótur sem bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þessi gögn séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalsnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða á annan fullnægjandi hátt, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna eftir umboði. Bændasamtök Íslands geta hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum sendum Bændasamtökum Íslands til að vinna lokauppgjör ársins eftir, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

## 12. gr.

*Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.*

Bændasamtök Íslands skulu fyrir 1. mars 2005 ljúka uppgjöri fyrir árið 2004. Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu skal senda Bændasamtökum Íslands fyrir 10. febrúar 2005 heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn af gúrkum, tómötum og/eða papriku eftir tegundum, afbrigðum og gæðaflokkum. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum (afreikningum og sölunótum) skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gerð grein fyrir leiðréttingum. Við lokauppgjör reikna Bændasamtök Íslands út og gera upp beingreiðslur á kg af gúrkum, tómötum og papriku, eftir seldu magni á árinu 2004. Þessir útreikningar skulu hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga áður en lokauppgjör fer fram.

Við lokauppgjör skal halda eftir fjárhæðum er svara til krafna vegna ágreinings sem vísað hefur verið til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd, sbr. 13. gr.

## IV. KAFLI

**Málskot.**

## 13. gr.

*Málskot.*

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar samkvæmt 49. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

## 14. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 141 – 2003

Nr. 911

2722

4. desember 2003

## SKIPULAGSSKRÁ sjálfseignarstofnunarinnar Unicef Ísland.

1. gr.

*Heiti stofnunarinnar.*

Stofnunin er íslenska landsnefndin fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (United Nations Children's Fund, hér eftir nefnt UNICEF). Heiti stofnunarinnar er *Unicef Ísland*.

Unicef Ísland er sjálfseignarstofnun sem starfar í þeim eina tilgangi á Íslandi að styðja við vinnu og markmið UNICEF.

Unicef Ísland notast eingöngu við alþjóðlegt merki og nafn UNICEF í vinnu sinni. Í kynningarstarfsemi skal leitast við að fylgja sameiginlegri stefnu UNICEF hvað varðar ímynd samtakanna.

2. gr.

*Heimili.*

Heimili og varnarþing Unicef Ísland er í Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

3. gr.

*Stofnendur og stofnfé.*

Stofnendur Unicef Ísland er hópur einstaklinga og lögaðila, sem hafa að markmiði að styðja við vinnu og markmið UNICEF, og eru m.a. Allianz Ísland hf. söluumboð, Baugur Group hf., Pharmaco hf. og Samskip hf., sem leggja fram stofnfé Unicef Ísland, alls kr. 16.000.000, þar af óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 1.000.000. Stofnfé skal ávaxtað með þeim hætti að samræmist markmiðum Unicef Ísland.

4. gr.

*Markmið.*

Markmið Unicef Ísland er að styðja við markmið UNICEF og vinna í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðum Unicef Ísland skal náð með eftirfarandi hætti:

- með því að safna fé fyrir alþjóðlegum verkefnum UNICEF, m.a. gegnum fjársafnanir, með sölu á jólakortum og öðrum vörum, með því að leita eftir styrkjum, ýmist frá einstaklingum eða lögaðilum, með innheimtu reglubundinna framlaga og með öðrum hætti;
- með því að vinna að því að UNICEF fái fjárhagslegan stuðning frá íslenskum stjórnvöldum;
- með upplýsingum og fræðslu til að kynna og auka skilning á störfum UNICEF í þágu réttinda og hagsmuna barna í heiminum, þ. á m. um jafna stöðu stúlkna og pilta;
- með því að auka skilning íslensks almennings, og þá sérstaklega barna, á aðstæðum barna og ungs fólks annars staðar í heiminum;

- með því að vera íslenskum stjórnvöldum til aðstoðar varðandi upplýsingar um störf UNICEF, s.s. um fjárhag, áætlanir o.s.frv.;
- með því að auka vitund stjórnenda í viðskiptalífinu á mikilvægi þess að beina augum að hagsmunum barna um allan heim;
- með því að tryggja að fjármunum sem safnað er í starfi Unicef Ísland sé varið í þágu framangreindra markmiða.

## 5. gr.

*Fjármögnun.*

Starfsemi stofnunarinnar verður fjármögnuð með styrkjum og fjárframlögum frá einstaklingum og lögpersónum.

## 6. gr.

*Skipulag.*

Stjórn fer með öll völd í stofnuninni, sbr. 7. gr., og nýtur liðsinnis fulltrúaráðs Unicef Ísland, sbr. 8. gr. Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar, sbr. 9. gr.

## 7. gr.

*Styrktaraðild og hollvinir.*

Allir geta gerst styrktaraðilar Unicef Ísland samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Stjórn getur með samþykki aukins meirihluta ákveðið án fyrirvara að þiggja ekki stuðning frá styrktaraðilum Unicef Ísland.

## 8. gr.

*Aðalfundur.*

Aðalfundur er vettvangur stefnumótunar og umræðu um starf Unicef Ísland.

Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar frá styrktaraðilum, stjórnarmenn, fulltrúaráð, ásamt starfsmönnum Unicef Ísland. Að auki getur stjórnin boðið gestum að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúar.

Reglulega aðalfundi skal halda í maí. Þá skal boða skriflega með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá aðalfundar ásamt helstu tillögum. Áður skal tilkynna um fyrirhugaðan aðalfund með tveggja mánaða fyrirvara og auglýsa eftir tillögum sem óskað er eftir að fjallað verði um.

Á aðalfundi skal ávallt taka fyrir þessi mál:

- 1) Kosning fundarstjóra.
- 2) Stjórn Unicef á Íslandi skal skýra frá hag stofnunarinnar og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 3) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur Unicef Ísland fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda stofnunarinnar til samþykktar.
- 4) Kynning á fyrirhuguðum verkefnum.
- 5) Skipun stjórnar.
- 6) Kjör endurskoðenda.
- 7) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa stjórnarmenn einir og ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum nema kveðið sé á um annað í samþykktum þessum. Nú verða atkvæði jöfn og ræður þá hlutkesti úrslitum. Styrktaraðilar og hollvinir hafa málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn getur ákveðið að boða til aukafundar krefjst a.m.k. fjórðungur stjórnar eða helmingur fulltrúaráðs þess. Skal um fundarboð og fundarskóp fara sem um aðalfund sé að ræða.

9. gr.  
*Stjórn.*

Stjórn fer með málefni Unicef Ísland, kemur fram fyrir hönd Unicef Ísland og mótar heildarstefnu Unicef Ísland, m.a. um fjáröflun. Stjórn Unicef Ísland ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans. Stjórn setur sér starfsreglur í samræmi við þessar samþykktir.

Stjórn Unicef Ísland skipa sjö aðilar og tveir til vara. Skipað er í stjórn til tveggja ára og geta einstakir stjórnarmenn setið í stjórninni að hámarki í sex ár samfellt. Stefna skal að því að þriðjungur stjórnar og varastjórnar verði endurnýjaður á tveggja ára fresti. Stjórnina skulu skipa einstaklingar sem vilja stuðla að framgangi Unicef Ísland og vinna í samræmi við markmið UNICEF. Tryggt skal að í stjórn veljist einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn, með mismunandi menntun og eru fulltrúar bæði hins opinbera og einkageirans, svo og fjölmíðla. Stjórn Unicef Ísland sér til þess að endurnýjun verði. Í lok skipunartíma stjórnar er það hlutverk hennar að finna einstaklinga til að taka sæti í stjórn. Hið sama á við hætti stjórnarmenn eða falli frá.

Stjórn fundar eins oft og þörf krefur, en a.m.k. fjórum sinnum á ári, að frumkvæði formanns stjórnar. Halda skal stjórnarfund krefjast einhver stjórnarmanna þess.

Fundur stjórnar er lögmætur sæki hann a.m.k. fimm stjórnar- eða varastjórnarmenn. Ákvarðanir eru teknar af meirihluta stjórnar. Falli atkvæði að jöfnu ræður atkvæði formanns. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum skipa varaformann og gjaldkera.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra. Aðrir starfsmenn, ráðgjafar o.þ.h. skulu ráðnir eftir þörfum.

Framkvæmdastjóri Unicef Ísland er ritari stjórnar og situr alla fundi. Aðrir skulu sitja fundi stjórnar eftir þörfum.

10. gr.  
*Fulltrúaráð.*

Fulltrúaráð Unicef Ísland er stjórn til fulltingis.

Í fulltrúaráði Unicef Ísland geta átt sæti einstaklingar, bæði í eigin nafni og fyrir hönd fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana sem styðja við Unicef Ísland. Stjórn Unicef Ísland skipar í fulltrúaráð. Heimilt er að skipa sérstakan heiðursforseta fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð setur sér starfsreglur í samræmi við þessar samþykktir.

11. gr.  
*Framkvæmdastjóri.*

Framkvæmdastjóri er skipaður af stjórn og starfar samkvæmt þeirri stefnu sem stjórn hefur ákveðið, í umboði og á ábyrgð hennar. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og alla starfsemi Unicef Ísland.

12. gr.  
*Fjárhagur.*

Unicef Ísland skal starfa samkvæmt fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn og kynnt á aðalfundi.

Unicef Ísland er fjármagnað með styrktargreiðslum, sérstökum og reglubundnum söfnunum og á annan hátt sem stjórn ákveður.

Reikningsár Unicef Ísland er almanaksárið og skila skal ársreikningi og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert.

Formaður og framkvæmdastjóri rita firma. Stjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra prókúru.

Endurskoðun reikninga skal vera í höndum löggiltra endurskoðenda sem kosnir eru á aðalfundi. Senda skal endurskoðaða ársreikninga til UNICEF.

## 13. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá og ákvörðun um slit.*

Ákvörðun um breytingu skipulagsskrár eða slit Unicef Ísland skal tekin á aðalfundi. Slík ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta stjórnar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir breytingum á skipulagsskrá Unicef Ísland eða slitum stofnunarinnar.

Verði Unicef Ísland slitið skal stjórn gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til UNICEF.

## 14. gr.

*Staðfesting dómsmálaráðherra.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi stjórnar Unicef Ísland í Reykjavík 18. september 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SAMÞYKKT

### **um gatnagerðargjald í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi.**

## 1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt samþykkt þessari.

Framangreint gjald er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og er aðfarahæft skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

## 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

## 3. gr.

Greiða skal kr. 1.000 í gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra lóðar, hverrar tegundar sem lóðin er. Að auki greiðist eftirfarandi fyrir hvern brúttófermetra í húsum skv. eftirfarandi:



3.a: Hús á einbýlishúsalóðum:	Kr.	1.200
3.b: Hús á parhúsa- og raðhúsalóðum:	Kr.	1.000
3.c: Hús á fjölbýlishúsalóðum:	Kr.	700
3.d: Hús á atvinnu- og iðnaðarhúsalóðum:	Kr.	1.000
3.e: Hús á verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðum og öðrum, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar:	Kr.	2.000

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar úthlutað er lóð skv. liðum 3.a - 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt áætlaðri stærð húsbyggingar eða hámarksnýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfplatarmál.

Einingarverð hér að ofan eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í nóvember 2003 (287,8 stig) og reiknast á hverjum tíma til samræmis við gildandi byggingarvísitölu.

#### 4. gr.

Ef byggt er við hús skal greiða gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra viðbyggingar skv. liðum 3.a - 3.e. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt sé hluti húss fjarlægður.

Ef lóð er stækkuð að ósk lóðarhafa greiðist gatnagerðargjald vegna aukningar lóðarstærðar til samræmis við 3. gr. Ekki verður endurgreitt ef lóð minnkar.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal greiða gatnagerðargjald af því flatarmáli nýja hússins sem er umfram flatarmál eldra húss. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt á sömu lóð. Ekki verður endurgreitt sé nýja húsið minna en það eldra. Þegar hús er flutt af einni lóð yfir á aðra skal greiða af því gatnagerðargjald á hinni nýju lóð.

#### 5. gr.

Ef veitt er leyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk sbr. 3. gr., þá skal húseigandi greiða mismun gatnagerðargjalds af hinu breytta húsnæði og lóð fyrir og eftir breytinguna. Færist hús hinsvegar í lægri gjaldflokk við breytingu á húseigandi ekki rétt á endurgreiðslu þess vegna.

#### 6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- |                               |                              |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Við lóðarúthlutun          | 20% álagðs gatnagerðargjalds |
| 2. Við útgáfu byggingarleyfis | 30% álagðs gatnagerðargjalds |
| 3. Við fókheldi mannvirkis    | 50% álagðs gatnagerðargjalds |

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. og 2. tl. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 3. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fókheld. Sé hús tekið í notkun áður en fókheldisstigi er náð, gjaldfellur gatnagerðargjald við upphaf notkunar.

#### 7. gr.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi felld úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Skútu- staðahreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

Sveitarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingarfalli ekki undir ákvæði samþykktar þessarar.

#### 9. gr.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3. grein, en þó einungis á grundvelli gólfplatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps 20. nóvember 2003 og tekur gildi þegar í stað. Falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

*Mývatnssveit, 20. nóvember 2003.*

**Sigbjörn Gunnarsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. reglugerð nr. 553/2001.**

#### 1. gr.

2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

15.2 Við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hætta sé á að vatnsbólíð spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólísins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólísins.

## 2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein 3. mgr. sem orðist svo:

15.3 Vanda skal frágang við borholustæði og fódra borholur starfsleyfisskyldra vatnsveitna tryggilega til þess að hindra að yfirborðsvatn mengi vatnsbólið.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengun-  
arvarnir og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 5. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnu-  
skyni samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á  
landi fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa  
eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um  
breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr.  
50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Elmar Hallgríms.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Sambands  
íslenskra berkla- og brjósthollssjúklinga, nr. 923 29. nóvember 2001.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmíða er 10.800 kr. en endurnýjunarverð í hverjum flokki 900 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Björn Friðfinnsson.*

5. desember 2003

Nr. 916

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluta, er taki gildi 1. janúar 2004:

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001, með síðari breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld hitaveitu:

Allir liðir hækki um 3%.

Önnur gjöld sameiginleg:

Allir liðir hækki um 3%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Helgi Bjarnason.*

3. desember 2003

Nr. 917

## GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Arnarneshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst. er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.



## 3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

## 4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur kr. 10.000 í hverju úrskurðarmáli.

## 5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Arnarneshrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o. fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 8. desember 2003 staðfest aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Grundarfjarðar 1984-2004.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2004 að telja um 3% frá því sem þær voru í desember 2003.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 809/2003 um geislavarnir við notkun opinna geislalinda.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 1:

a. 8. gr. orðast svo:

*Lággeislavirkar lausnir sem farga má með almennu skólpi.*

Heildarmagn sem hver eigandi má farga með almennu skólpi um niðurfall í vaski er:

1. 2,5 ALI<sub>min</sub> í hvert sinn sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 MBq
2. 25 ALI<sub>min</sub> í hverjum mánuði sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 000 MBq á ári.

Sé fleiri en einn kjarntegund fargað í einu verður fyrri krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 2,5$$

Sé fleiri en einni kjarntegund fargað í mánuði verður síðari krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 25$$

Í ójöfnunum að ofan vísar  $A_k$  til magns kjarntegundar  $k$  (mælt sem virkni) og  $ALI_{\min,k}$  til minnsta magns ALI gildis hvernar kjarntegundar, óháð efnasamsetningu og hvernig efnið berst inn í líkama. ALI er alþjóðleg skammstöfun (fyrir Annual Limit of Intake) og vísar til þess magns geislavirkirar kjarntegundar sem getur í mesta lagi borist inn í líkama manns með tilteknum hætti án þess að geislaálag sem af því hlýst fari yfir 20 mSv. Töflur yfir  $ALI_{\min}$  er að finna í viðauka A við þessar reglur.

Þegar geislavirkum lausnum er helt í niðurfall vasks, þá skal skola vaskinn vel á eftir með nægu vatni.

b. Viðaukar A, B og C við viðauka 1 orðast svo:

### VIÐAUKI A

við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir.

ALI<sub>min</sub>-gildi fyrir helstu kjarntegundir.

Kjarntegund	ALI <sub>min</sub> Bq	Kjarntegund	ALI <sub>min</sub> Bq	Kjarntegund	ALI <sub>min</sub> Bq
H-3 (í vatni)	1 · 10 <sup>9</sup>	Sr-82	2 · 10 <sup>6</sup>	Eu-152	5 · 10 <sup>5</sup>
C-14	3 · 10 <sup>7</sup>	Sr-85	3 · 10 <sup>7</sup>	Gd-153	8 · 10 <sup>6</sup>
F-18	2 · 10 <sup>8</sup>	Sr-89	3 · 10 <sup>6</sup>	Dy-165	2 · 10 <sup>8</sup>
Na-22	6 · 10 <sup>6</sup>	Sr-90	1 · 10 <sup>5</sup>	Ho-166	1 · 10 <sup>7</sup>
Na-24	4 · 10 <sup>7</sup>	Y-88	5 · 10 <sup>6</sup>	Tm-170	3 · 10 <sup>6</sup>
P-32	6 · 10 <sup>6</sup>	Y-90	7 · 10 <sup>6</sup>	Yb-169	7 · 10 <sup>6</sup>
P-33	1 · 10 <sup>7</sup>	Zr-95	4 · 10 <sup>6</sup>	Ta-182	2 · 10 <sup>6</sup>
S-35	2 · 10 <sup>7</sup>	Nb-95	1 · 10 <sup>7</sup>	W-185	4 · 10 <sup>7</sup>
Cl-36	3 · 10 <sup>6</sup>	Mo-99	2 · 10 <sup>7</sup>	W-187	3 · 10 <sup>7</sup>
K-43	8 · 10 <sup>7</sup>	Tc-99m	7 · 10 <sup>8</sup>	W-188	9 · 10 <sup>6</sup>
Ca-45	7 · 10 <sup>6</sup>	Ru-103	7 · 10 <sup>6</sup>	Re-186	1 · 10 <sup>7</sup>
Sc-46	3 · 10 <sup>6</sup>	Ru-106	3 · 10 <sup>5</sup>	Os-191	1 · 10 <sup>7</sup>
Cr-51	5 · 10 <sup>8</sup>	Pd-103	5 · 10 <sup>7</sup>	Ir-192	3 · 10 <sup>6</sup>
Mn-54	1 · 10 <sup>7</sup>	Ag-110m	2 · 10 <sup>6</sup>	Pt-193	7 · 10 <sup>8</sup>
Mn-56	8 · 10 <sup>7</sup>	Cd-109	2 · 10 <sup>6</sup>	Au-198	2 · 10 <sup>7</sup>
Fe-52	1 · 10 <sup>7</sup>	In-111	7 · 10 <sup>7</sup>	Hg-197	5 · 10 <sup>6</sup>
Fe-55	2 · 10 <sup>7</sup>	In-113m	6 · 10 <sup>8</sup>	Hg-203	3 · 10 <sup>6</sup>
Fe-59	6 · 10 <sup>6</sup>	Sn-113	8 · 10 <sup>6</sup>	Tl-201	2 · 10 <sup>8</sup>
Co-57	2 · 10 <sup>7</sup>	Sb-124	3 · 10 <sup>6</sup>	Tl-204	2 · 10 <sup>7</sup>
Co-58	1 · 10 <sup>7</sup>	Sb-125	4 · 10 <sup>6</sup>	Pb-210	2 · 10 <sup>4</sup>
Co-60	7 · 10 <sup>5</sup>	Te-132	5 · 10 <sup>6</sup>	Bi-210	2 · 10 <sup>5</sup>
Ni-63	1 · 10 <sup>7</sup>	I-123	1 · 10 <sup>8</sup>	Po-210	7 · 10 <sup>3</sup>
Cu-64	1 · 10 <sup>8</sup>	I-124	2 · 10 <sup>6</sup>	Ra-226	6 · 10 <sup>3</sup>
Cu-67	3 · 10 <sup>7</sup>	I-125	1 · 10 <sup>6</sup>	Ra-228	8 · 10 <sup>3</sup>
Zn-62	2 · 10 <sup>7</sup>	I-131	9 · 10 <sup>5</sup>	Ac-227	3 · 10 <sup>1</sup>
Zn-65	5 · 10 <sup>6</sup>	I-132	7 · 10 <sup>7</sup>	Th-228	5 · 10 <sup>2</sup>
Ga-67	7 · 10 <sup>7</sup>	Cs-134	1 · 10 <sup>6</sup>	Th-230	5 · 10 <sup>2</sup>
Ga-68	2 · 10 <sup>8</sup>	Cs-137	2 · 10 <sup>6</sup>	U-232	6 · 10 <sup>2</sup>
Ga-72	2 · 10 <sup>7</sup>	Ba-133	1 · 10 <sup>7</sup>	Pu-237	6 · 10 <sup>7</sup>
Ge-68	2 · 10 <sup>6</sup>	Ba-140	8 · 10 <sup>6</sup>	Pu-238	5 · 10 <sup>2</sup>
As-73	2 · 10 <sup>7</sup>	La-140	1 · 10 <sup>7</sup>	Pu-240	4 · 10 <sup>2</sup>
As-76	1 · 10 <sup>7</sup>	Ce-141	6 · 10 <sup>6</sup>	Pu-241	2 · 10 <sup>4</sup>
Se-75	8 · 10 <sup>6</sup>	Ce-144	4 · 10 <sup>5</sup>	Pu-242	5 · 10 <sup>2</sup>
Br-82	2 · 10 <sup>7</sup>	Pm-147	4 · 10 <sup>6</sup>	Am-241	5 · 10 <sup>2</sup>
Rb-84	7 · 10 <sup>6</sup>	Sm-151	5 · 10 <sup>6</sup>	Cm-244	8 · 10 <sup>2</sup>
Rb-86	7 · 10 <sup>6</sup>	Sm-153	3 · 10 <sup>7</sup>	Cf-252	1 · 10 <sup>3</sup>

## VIÐAUKI B

## við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir.

MAC gildi, hámarksstyrkur virkni við losun fyrir helstu kjarntegundir.

Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m <sup>3</sup>	Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m <sup>3</sup>	Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m <sup>3</sup>
H-3 (í vatni)	$3 \cdot 10^3$	Sr-82	$8 \cdot 10^0$	Eu-152	$2 \cdot 10^0$
C-14	$1 \cdot 10^2$	Sr-85	$1 \cdot 10^2$	Gd-153	$3 \cdot 10^1$
F-18	$5 \cdot 10^2$	Sr-89	$1 \cdot 10^1$	Dy-165	$1 \cdot 10^3$
Na-22	$4 \cdot 10^1$	Sr-90	$6 \cdot 10^{-1}$	Ho-166	$1 \cdot 10^2$
Na-24	$2 \cdot 10^1$	Y-88	$2 \cdot 10^1$	Tm-170	$1 \cdot 10^1$
P-32	$3 \cdot 10^1$	Y-90	$5 \cdot 10^1$	Yb-169	$3 \cdot 10^1$
P-33	$6 \cdot 10^1$	Zr-95	$2 \cdot 10^1$	Ta-182	$9 \cdot 10^0$
S-35	$6 \cdot 10^1$	Nb-95	$5 \cdot 10^1$	W-185	$4 \cdot 10^2$
Cl-36	$1 \cdot 10^1$	Mo-99	$8 \cdot 10^1$	W-187	$3 \cdot 10^2$
K-43	$3 \cdot 10^2$	Tc-99m	$3 \cdot 10^3$	W-188	$1 \cdot 10^2$
Ca-45	$3 \cdot 10^1$	Ru-103	$3 \cdot 10^1$	Re-186	$7 \cdot 10^1$
Sc-46	$1 \cdot 10^1$	Ru-106	$1 \cdot 10^0$	Os-191	$5 \cdot 10^1$
Cr-51	$2 \cdot 10^3$	Pd-103	$2 \cdot 10^2$	Ir-192	$1 \cdot 10^1$
Mn-54	$6 \cdot 10^1$	Ag-110m	$7 \cdot 10^0$	Pt-193	$3 \cdot 10^3$
Mn-56	$4 \cdot 10^2$	Cd-109	$9 \cdot 10^0$	Au-198	$8 \cdot 10^1$
Fe-52	$9 \cdot 10^1$	In-111	$3 \cdot 10^2$	Hg-197	$2 \cdot 10^1$
Fe-55	$9 \cdot 10^1$	In-113m	$3 \cdot 10^3$	Hg-203	$1 \cdot 10^1$
Fe-59	$2 \cdot 10^1$	Sn-113	$3 \cdot 10^1$	Tl-201	$1 \cdot 10^3$
Co-57	$9 \cdot 10^1$	Sb-124	$1 \cdot 10^1$	Tl-204	$1 \cdot 10^2$
Co-58	$4 \cdot 10^1$	Sb-125	$2 \cdot 10^1$	Pb-210	$8 \cdot 10^{-2}$
Co-60	$3 \cdot 10^0$	Te-132	$3 \cdot 10^1$	Bi-210	$1 \cdot 10^0$
Ni-63	$4 \cdot 10^1$	I-123	$4 \cdot 10^2$	Po-210	$3 \cdot 10^{-2}$
Cu-64	$6 \cdot 10^2$	I-124	$7 \cdot 10^0$	Ra-226	$3 \cdot 10^{-2}$
Cu-67	$1 \cdot 10^2$	I-125	$6 \cdot 10^0$	Ra-228	$3 \cdot 10^{-2}$
Zn-62	$1 \cdot 10^2$	I-131	$4 \cdot 10^0$	Ac-227	$1 \cdot 10^{-4}$
Zn-65	$3 \cdot 10^1$	I-132	$3 \cdot 10^2$	Th-228	$2 \cdot 10^{-3}$
Ga-67	$3 \cdot 10^2$	Cs-134	$9 \cdot 10^0$	Th-230	$2 \cdot 10^{-3}$
Ga-68	$1 \cdot 10^3$	Cs-137	$1 \cdot 10^1$	U-232	$2 \cdot 10^{-3}$
Ga-72	$1 \cdot 10^2$	Ba-133	$5 \cdot 10^1$	Pu-237	$2 \cdot 10^2$
Ge-68	$6 \cdot 10^0$	Ba-140	$5 \cdot 10^1$	Pu-238	$2 \cdot 10^{-3}$
As-73	$9 \cdot 10^1$	La-140	$6 \cdot 10^1$	Pu-240	$2 \cdot 10^{-3}$
As-76	$9 \cdot 10^1$	Ce-141	$2 \cdot 10^1$	Pu-241	$1 \cdot 10^{-1}$
Se-75	$5 \cdot 10^1$	Ce-144	$2 \cdot 10^0$	Pu-242	$8 \cdot 10^{-4}$
Br-82	$1 \cdot 10^2$	Pm-147	$3 \cdot 10^1$	Am-241	$2 \cdot 10^{-3}$
Rb-84	$6 \cdot 10^1$	Sm-151	$2 \cdot 10^1$	Cm-244	$3 \cdot 10^{-3}$
Rb-86	$6 \cdot 10^1$	Sm-153	$1 \cdot 10^2$	Cf-252	$5 \cdot 10^{-3}$



## VIÐAUKI C

**við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir.**

MAC gildi, hámarksstyrkur virkni við losun fyrir geislavirkar lofttegundir, þar sem áhætta vegna geislunar utan frá á líkama er ríkjandi (ekki innri geislun).

Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m <sup>3</sup>	Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m <sup>3</sup>
C-11	$6 \cdot 10^2$	Kr-87	$7 \cdot 10^2$
N-13	$6 \cdot 10^2$	Kr-88	$3 \cdot 10^2$
O-15	$6 \cdot 10^2$	Xe-120	$2 \cdot 10^3$
F-18	$5 \cdot 10^2$	Xe-121	$3 \cdot 10^2$
Ar-37	$6 \cdot 10^8$	Xe-122	$1 \cdot 10^4$
Ar-39	$7 \cdot 10^4$	Xe-123	$1 \cdot 10^3$
Ar-41	$5 \cdot 10^2$	Xe-125	$3 \cdot 10^3$
Kr-74	$5 \cdot 10^2$	Xe-127	$3 \cdot 10^3$
Kr-76	$2 \cdot 10^3$	Xe-129m	$3 \cdot 10^4$
Kr-77	$6 \cdot 10^2$	Xe-131m	$8 \cdot 10^4$
Kr-79	$3 \cdot 10^3$	Xe-133m	$2 \cdot 10^4$
Kr-81	$1 \cdot 10^5$	Xe-133	$2 \cdot 10^4$
Kr-83m	$4 \cdot 10^6$	Xe-135m	$2 \cdot 10^3$
Kr-85	$5 \cdot 10^4$	Xe-135	$3 \cdot 10^3$
Kr-85m	$4 \cdot 10^3$	Xe-138	$5 \cdot 10^2$

MAC gildi í viðaukum B og C eru reiknuð sem 1/100 af DAC gildum (*derived air concentration*), viðmiðunargildum fyrir hámarksstyrk geislavirkra efna í andrúmslofti starfsmanna sem vinna við jónandi geislun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 10. gr., 4. mgr. 13. gr., 5. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

Nr. 921

25. nóvember 2003

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. 365/1998.**

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

*Handbækur og eyðublöð.*

14.1 Í lyfjakistu hvers skips, að björgunarförum undanskildum, skal vera eintak af handbók lyfjakistu skipa, en í henni er:

- Eintak af þessari reglugerð ásamt viðauka I, lista yfir sjúkragögn í lyfjakistu og viðauka II, lista yfir sjúkragögn í sjúkrakassa.
- Lyfjaskrá sem gefin er út af Siglingastofnun Íslands í tengslum við þessa reglugerð.

- Dagbók lyfjakistu skips.
  - Tölusett eyðublöð í tvíriti fyrir pantanir
- 14.2 Einnig skal vera í lyfjakistunni eftirfarandi:
- Eyðublöð til notkunar við sjúkdómsgreiningu áður en leitað er aðstoðar læknis í gegnum fjarskipti.
  - Eintak af lækningabók sjófarenda sem gefin er út af Siglingastofnun Íslands eða eintak af lækningabók sjófarenda sem samþykkt er af Siglingstofnun Íslands í lyfjakistum skipa sem eru flokkuð í A (skip sem fara út fyrir 150 sjómíflur frá næstu höfn) og B (skip með mestu lengd 15 metrar eða lengri, sem fara styttri sjóferðir en 150 sjómíflur frá næstu höfn) í 3. gr. reglugerðarinnar.
  - Eintak af lækningabók sjófarenda sem samþykkt er af Siglingstofnun Íslands í lyfjakistum skipa sem eru flokkuð í C (skip með mestu lengd allt að 15 metrum).
- 14.3 Í lyfjakistu D fyrir björgunarför skal vera stuttur leiðarvísir um skyndihjálp.
- 14.4 Skip sem flytja hættulegan varning samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) skulu hafa um borð nýjustu útgáfu af:
- International Maritime Dangerous Goods Code (IMDG Code).
  - Emergency Procedures for Ships Carrying Dangerous Goods (EMS)
  - Medical First Aid Guide for Use in Accidents Involving Dangerous Goods (MFAG).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 74/1998 með síðari breytingum og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 25. nóvember 2003.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

8. desember 2003

Nr. 922

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir, Skorradalshreppi.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 5,1 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í opið svæði til sérstakra nota og 1,3 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Stóri-Ás, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Stóra-Áss er breytt í svæði fyrir frístundabyggð, alls um 33 ha. Svæðið er norðan núverandi svæðis fyrir frístundabyggð sem er um 48 ha að stærð skv. samþykktu deiliskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bakkaflugvallar, Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 31. maí 2003, breytingu á áður samþykktu deiliskipulagi við Bakkaflugvöll, Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Breytt var reitum á lóðum, skv. áður samþykktu deiliskipulagi frá febrúar 2002, þannig að í stað 3ja byggingareita eru settir upp tveir reitir. Að auki er bætt við 2 nýjum lóðum, í norðurátt.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. nóvember 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson** byggingarfulltrúi.

## SAMPYKKT

### um kattahald í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

Kattahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar, að undanteknum köttum á lögbýlum.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu undanþágu (leyfi) til kattahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

Eftirfarandi skilyrði gilda á þéttbýlisstöðunum á Ísafirði, Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri og skipulögðum sumarhúsaðverfum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjarsjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.
- d) Hver köttur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal Ísafjarðarbær annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu innheimtist með leyfisgjaldi.
- e) Kötturinn skal ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk plötu sem skráningar-númer og símanúmer eiganda er letað á. Skoða skal hvort örflögur gætu hentað til merk- inga á köttum.
- f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifn- aði, né raski ró manna.
- g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- i) Leyfishafa ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma.
- j) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. fylgiskjal 3 með reglugerð um hollustuhætti, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

#### 3. gr.

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á þar til gerðum eyðublöðum. Leyfishafi fær afhenta merkiplötu, sbr. ákvæði 2. gr.

#### 4. gr.

Ísafjarðarbær getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Berist staðfest kvörtun undan ágangi og ónæði af köttum í íbúðahverfum er heimilt að láta veiða þá í búr og fanga ómerkta og leyfislausu ketti. Slíkar aðgerðir skal auglýsa með áberandi hætti með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfisvipingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

7. gr.

Ketti sem leyfi er fyrir og teknir eru í vörslu er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörsluninni.

Sé ómerktur eða leyfislaus köttur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum a.m.k. tvisvar með áberandi hætti. Gefi enginn umráðamaður eða eigandi sig fram innan einnar viku, er heimilt að færa köttinn til aflífunar. Bæjarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun katta, en á endurkröfu á eigendur þeirra.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi samkvæmt samþykkt þessari fyrir 15. janúar 2004.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Reykárhverfi við Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin varðar Reykárhverfi við Hrafnagil og felst í eftirfarandi:

- Hluti opins svæðis til sérstakra nota sunnan Reykár verður íbúðabyggð.
- Svæði sunnan Laugarborgar þar sem var gert ráð fyrir íbúðum verður þjónustusvæði.
- Stækkun á íbúðarsvæði og minnkað opið svæði til sérstakra nota (skógræktarsvæði) norðan og vestan Laugarborgar.
- Íbúðarsvæði kemur í stað svæðis fyrir opinbera þjónustu norðan og norðaustan Laugarborgar.
- Ný vegtenging frá Eyjafjarðarbraut vestri inn á íbúðarsvæði á svæði sem áður var skilgreint sem opið grænt óbyggt svæði.
- Athafnasvæði verður á hluta svæðis sem áður var opið grænt svæði til sérstakra nota og að hluta íbúðarsvæði ásamt nýrri vegtengingu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, íbúðarsvæði neðan Strandgötu, vestan Ljósár, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í að hluti iðnaðarsvæðis, neðan Strandgötu og vestan Ljósár, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007, lóð við Miðgarð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007 frá 25. september 1987.

Breytingin felst í því að lóð nr. 2 við Miðgarð, sem skilgreind var sem íbúðarlóð, verður lóð fyrir verslun og þjónustu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007, lóðir við Lækjarvelli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007 frá 25. september 1987.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðar sem skilgreind er sem íbúðarlóð verður lóð fyrir leikskóla og lóð sem skilgreind er fyrir leikskóla og íbúðir fyrir aldraða verður svæði fyrir íbúðir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Ásar (ÍB-2), Hraunsholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að svæði fyrir opinberar stofnanir við Bjarkarás verður íbúðarsvæði og íbúðarsvæði við Brekkuás verður svæði fyrir opinberar stofnanir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfísráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi 1. janúar 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 880, 17. desember 1999, með síðari breytingum, breytist þannig:

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu verða sem hér segir:

- a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli kr. 200.
- b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra kr. 39.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Helgi Bjarnason.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Hönnu og Harald Hope.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hönnu og Harald Hope.

#### 2. gr.

Heimili sjóðsins er á biskupsstofu í Reykjavík

#### 3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Harald Hope sóknarprest, handhafa fálkaorðunnar og St. Ólafsorðunnar og Hönnu Hope, vegna starfs þeirra í þágu íslenskrar þjóðar og Þjóðkirkju, svo og til eflingar sambandi Íslands og Noregs, þar sem kirkju- og sögustaðurinn Skálholt skal vera þungamiðjan.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi á vegum Skálholtsskóla. Starfsemi sem lýtur að eða tengist sérstaklega norsku kirkju- og skólastarfi skal njóta forgangs.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er söfnunarfé frá Haraldi Hope að fjárhæð norskar kr. 700.000 eða íslenskar kr. 7.560.000 (m.v. gengi 10,80 á stofndeggi). Ávaxta skal sjóðinn tryggilega í íslenskri mynt og við íslenska innlánsstofnun og eftir gildandi íslenskum lögum og reglum á hverjum tíma. Sjóðstjórn ber ábyrgð á fjárvörslu fyrir sjóðinn.

5. gr.

Arður sjóðsins af stofnfé skal árlega renna til styrktar málefningu samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður, þar með taldir vextir, af stofnfé sjóðsins og öðrum eignum er honum kann að áskotnast fyrir gjöf eða með öðrum hætti. Gjöfum og framlögum skal bæta við eignir sjóðsins og er óheimilt að skerða þær. Skal ávaxta gjafir og framlög með sama hætti og stofnfé. Heimilt er þó að ráðstafa gjöf eða framlagi á annan veg ef sá sem gefur eða veitir framlag mælir fyrir um það fyrir eða við afhendingu. Stjórnunarkostnaður og annar óhjákvæmilegur rekstrarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír: Biskup Íslands, sem er formaður stjórnar, rektor Skálholts-skóla og verkefnisstjóri fræðslumála á biskupsstofu. Meirihluti ræður ákvörðun stjórnar. Stjórn sjóðsins skal ekki þiggja þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Sjóðstjórn úthlutar að jafnaði árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum.

9. gr.

Í Noregi skal starfa sérstakt þriggja manna ráð í tengslum við sjóðinn. Ráðið skipa fulltrúi tilnefndur af Hope fjölskyldunni, biskupum í Björgvin og einn fulltrúi tilnefndur af Kristilegu lýðháskólunum í Noregi. Ráðið getur gert tillögur um úthlutanir og skal sjóðstjórn ráðfæra sig við ráðið í mikilvægari málum en sjóðstjórn hefur þó úrslitavald um úthlutanir úr sjóðnum.

10. gr.

Reikningsár er almannaksárið. Gerð ársreiknings skal lokið innan þriggja mánaða frá áramótum. Reikningar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

11. gr.

Nafni sjóðsins og meginmarkmiðum verður ekki breytt. Breytingar á ákvæðum skipulagsskrár þessarar vegna breytinga á starfi kirkju- og menntastofnana sem kunna að eiga sér stað, verða einungis gerðar með samþykki sjóðstjórnarinnar og ráðsins.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til íslensku þjóðkirkjunnar. Skal þess gætt að þær renni til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Um breytingar á stofnskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

#### Vatnsgjald.

## 1. gr.

Af öllum fasteignum í Hvalfjarðarstrandarhreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps liggja skal greiða vatnsgjald árlega, nema sérstaklega sé um annað samið.

#### Stofn til álagningar vatnsgjalds.

## 2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati

## 3. gr.

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,23% af álagningarstofni.

#### Gjalddagar.

## 4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

#### Aukavatnsgjald.

## 5. gr.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Hvalfjarðarstrandarhrepps leggur til, en þar sem ekki er mælir skal greiða upphæð sem nemur mælagjaldi fyrir 20 mm mæli samkvæmt gjaldskrá.

**Fast gjald, ekki er reiknaður vsk. á vatn.**

6. gr.

Vatnsmælar	kr. á ári		Vatnsmælar	kr. á ári
DN 15	4.054		DN 50	12.043
DN 20	4.190		DN 65	25.322
DN 25	4.911		DN 80	28.683
DN 32	5.355		DN 100	33.908
DN 40	8.976		DN 150	40.910
Rúmmálgjald	12 kr./m <sup>3</sup>	Fyrstu 100.000 m <sup>3</sup>		
Rúmmálgjald	11 kr./m <sup>3</sup>	Eftir 100.000 til 250.000 m <sup>3</sup>		
Rúmmálgjald	9 kr./m <sup>3</sup>	Eftir 250.000 m <sup>3</sup>		
Míðað er við ársnotkun.				

**Heimæðagjald.**

7. gr.

Einbýli par/raðhús 32 mm heimtaug, grunnjald 20.000 kr./íbúð.

Viðbótargjald fyrir heimæð 20 m, 500 kr. m heimæðar (umfram 20 m).

Iðnaðarhús, 40 mm heimtaug grunnjald 30.000 kr.

Iðnaðarhús, 50 mm heimtaug grunnjald 40.000 kr.

Iðnaðarhús, 75 mm heimtaug grunnjald 60.000 kr.

Viðbótargjald fyrir heimæð 20 m.

800 kr. m heimæðar (umfram 20 m).

**Ábyrgð á greiðslu gjalda.**

8. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vatnsgjald og heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari eru tryggð, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald má taka fjárnámi samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

9. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 12. nóvember 2003.

*Hvalfjarðarstrandarhreppi, 3. desember 2003.*

**Hallfreður Vilhjálmsson** oddviti.

## AUGLÝSING

### um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

#### 1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 51.250.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 30.750 krónur að lágmarki og 307.500 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.125.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

#### 2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2004.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 2003.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Stefán Eiríksson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

#### *Brekkuás 11.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Brekkuás 11 í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 4. desember 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008, Brautarholt, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin felst í að opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarbyggð og aðkoma, lega lóða og bílastæði við skóla breytast.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Skagafjarðarveitna ehf.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf., hér eftir nefndar SKV í gjaldskrá þessari, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir SKV.

##### 2. gr.

SKV láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

## II. KAFLI

## 4. gr.

SKV rekur nú þrjú aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Steinsstöðum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni ( m<sup>3</sup> eða l/mín ) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 235,00 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir.

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 1.151,00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 1.720,20 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 915,35 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
≤ 400 - 2.000 m <sup>3</sup> =	103.500 kr. f.
2.000 - 6.000 m <sup>3</sup> =	248.400 kr. f.
6.000 - 10.000 m <sup>3</sup> =	558.900 kr. f.
Meira en 10.000 m <sup>3</sup> =	838.350 kr. f.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar. Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
≤ 400 m <sup>3</sup> =	310.500 kr. f.
400 m <sup>3</sup> =	248.40 kr./m <sup>3</sup> þar yfir

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða 1.656 kr. fyrir hvern lengdar-metra heimæðar frá stofnæð umfram 100 metra.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

## 7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er stjórn SKV heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.



## IV. KAFLI

## 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. SKV setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

Sauðárkróksveita:	kr. 52,50
Varmahlíðarveita:	kr. 78,70
Steinsstaðaveita:	kr. 41,70

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{1}{2}$ " - $\frac{3}{4}$ "	kr. 235 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - $2\frac{1}{2}$ "	kr. 1.069 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 2.172 pr. mán.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SKV og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

## 10. gr.

SKV hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SKV.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" –  $2\frac{1}{2}$ " mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SKV skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Skagafjarðarveitna ehf., staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 797, 5. nóvember 2002.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*

# SAMÞYKKT

## um hesthúsahverfið Heimsenda í Kópavogi.

### Gildissvið og almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir um hesthúsahverfið Heimsenda í Vatnsendahverfi í Kópavogi, sbr. samþykkt deiliskipulag nr. 259/2003.

#### 2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að tryggja góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir. Að þeir sem stunda hestamennsku á svæðinu, þeir sem leið eiga um svæðið og aðilar sem koma til með að búa eða starfa í næsta nágrenni við það verði ekki fyrir óþægindum eða óhollustu. Einnig að draga úr eða koma í veg fyrir óæskileg áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn vegna athafna og umsvifa við hestahaldið.

#### 3. gr.

Hesthús og mannvirki, sem þeim tilheyra, skulu byggð og viðhaldið í samræmi við skilmála samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Hönnun, frágangur húsa og búnaðar og öll umhirða skal vera í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir við mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

#### 4. gr.

Ekki er heimil önnur notkun húsa í hverfinu en fyrir hesta, hey og annað sem hestahaldi viðkemur nema þar sem gert er ráð fyrir félagsaðstöðu samkvæmt deiliskipulagi.

#### 5. gr.

Samþykktin tekur til umgengni, frágangs mannvirkja og starfsemi tengdrar húsdýrahaldi. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar, samþykktar nr. 224/2002 um rotþrær og safntanka fyrir Kópavog svo og reglugerð nr. 730/2001 um fráveitu í Kópavogsbæ og samþykktar nr. 251/2000 um umgengni og þrifnað utanhúss í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

#### 6. gr.

Um eftirlit og framkvæmd samþykktar þessarar fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

#### 7. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

### Frágangur og umgengni.

#### 8. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrifalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur.

## 9. gr.

Gerði skulu malarborin og þau girt vönduðum girðingum. Halda skal undirlagi í gerðum snyrtilegu og endurnýja reglulega. Taðmenguðu efni úr gerðum skal fargað á viðurkenndum móttökustöðvum.

**Notkun bílastæða.**

## 10. gr.

Á bílastæðum sem eru sameiginleg fyrir fleiri en eitt hesthús og á almennum bílastæðum utan lóðamarka hesthúsa er óheimilt að geyma númerslausar bifreiðar, kerrur, dráttarvélar, hevvinnslutæki, byggingarefni, heyrúllur, heybagga og aðra lausamuni. Bílastæði við hvert hesthús er eingöngu ætluð fyrir bifreiðar og hestakerrur á skráningarnúmerum.

**Frágangur mannvirkja.**

## 11. gr.

Vanda skal til alls frágangs húsa, girðinga og annarra mannvirkja og þeim haldið við þannig að upphaflegum tilgangi þeirra verði náð.

**Geymsla á heyi.**

## 12. gr.

Geymsla á heyi skal vera innandyrá eða á svæðum sem sérstaklega eru til þess ætluð samkvæmt skipulagi. Óheimilt er að geyma hey á þar til gerðum svæðum nema það sé vel innpakkað og umbúðir merktar eiganda og húsi.

**Geymsla á spón.**

## 13. gr.

Spón skal geyma innan dyra eða í sérstökum spónageymslum sem hlotið hafa staðfestingu byggingarfulltrúa. Óheimilt er að losa spón á þann hátt að valdið geti óþrifum.

**Taðgeymsla.**

## 14. gr.

Hesthús, sem byggt er eftir 1. júní 2003, skal hafa steyptan grunn og botnplötu. Óheimilt er að gera kjallara eða haughús undir þeim húsum. Hvert hesthús skal hafa aðgang að steyptu gámastæði fyrir gám undir hrossatað og moð í samræmi við ákvæði skipulags nema að uppfyllt verði skilyrði 1. málsgreinar 20. gr. Óheimilt er að hafa taðþrær utan byggingareits en nýta má hluta hesthúss undir lokað taðskýli.

## 15. gr.

Haughús í eða við hesthús sem byggð voru fyrir 1. júní 2003 skulu vera lekaheld. Hætt skal að nota þau haughús sem ekki uppfylla þessi skilyrði og skal ganga þannig frá þeim að ekki verði hætta á slysum.

**Fráveita.**

## 16. gr.

Fráveituvatn frá salernum og kaffistofum skal leitt í fráveitu bæjarins. Sigvatn frá gáma-  
stæði og hesthúsum skal leitt í felligildru og þaðan í fráveitu bæjarfélagsins. Felligildrur skulu aðgengilegar til tæminga og eftirlits enn tæming er á ábyrgð húseigenda.

## 17. gr.

Ný hús skulu tengd fráveitu bæjarfélagsins áður en þau eru tekin í notkun. Hesthús sem byggt er fyrir 1. júní 2003 ber að tengja fráveitu bæjarins þegar fráveitulögn er komin í

hverfið. Sama gildir um sigvatn frá hesthúsum, taðþróm og gámastæðum sem leiða skal í felligildirur og þaðan í fráveitukerfi bæjarfélagsins.

### **Taðgámar og taðþrær.**

18. gr.

Hrossataði úr hesthúsi skal reglulega moka í taðgáma sem annað hvort skal vera lokaður eða hann fjarlægður strax og lokið er við að moka úr viðkomandi húsi.

19. gr.

Heimilt er nýta hluta hesthúsa undir taðgeymslu enda sé gert ráð fyrir því á teikningu, rýmið sé afmarkað frá öðrum hlutum hússins og sé án niðurfalla. Þegar það er tæmt skal það gert yfir í taðgám, sem skal fjarlægður að lokinni hreinsun, eða á sambærilegt flutningstæki.

20. gr.

Heimilt er að hafa taðþró við hesthús, sem byggð voru fyrir 1. júní 2003. Taðþró skal vera yfirbyggð, án niðurfalla og þannig gerð og um hana gengið og hirt að hvorki stafi af henni óþrif, mengun né slyshætta.

21. gr.

Önnur uppsöfnun taðs er stranglega bönnuð á svæðinu.

### **Hreinsun á taði og moði.**

22. gr.

Hesthúsaeigendur skulu fjarlægja tað og moð reglulega úr húsum sínum og tryggja að gámar eða taðþrær yfiryllist ekki. Allt hrossatað skal fjarlægt eftir að hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Í taðgám má einungis setja hrossatað og moð en ekki annan úrgang. Umgengni um taðgeymslur, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti að ekki verði af óþrifnaður.

### **Förgun á taði og moði.**

23. gr.

Óheimilt er að farga taði og moði á svæðinu. Tað og moð skal flutt til viðurkenndrar förgunar eða því fargað eins og reglur um góða búskaparhætti kveða á um samanber reglugerð nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

### **Förgun annars úrgangs.**

24. gr.

Almennum úrgangi skal komið í þar til gerða gáma sem staðsettir eru á svæðinu sbr. skipulag. Hættulegum úrgangi (spilliefnum) s.s. fúavarnaefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, úrunnum lyfjum og lyfjaleyfum skal halda aðskyldum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni. Við förgun á heyrúllu- eða heybaggaplasti skal fylgja gildandi reglugerðum á hverjum tíma.

25. gr.

Taði sem mengað er af sorpi, umbúðum eða plastefnum skal fargað sem heimilissorpi á kostnað húseigenda.

26. gr.

Urðun úrgangs eða brennsla á svæðinu er bönnuð.

**Lausaganga hesta og hunda.**

27. gr.

Lausaganga hesta er bönnuð. Óheimilt er að láta hunda valsa lausa um svæðið sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000.

**Viðurlög.**

28. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

**Gildistaka.**

29. gr.

Framangreind samþykkt sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur hesthúsa sem byggð voru fyrir 1. júní 2003 og ekki uppfylla ákvæði 1. málsgreinar 14. gr. og 19. gr. geta að uppfylltum skilyrðum byggingarfulltrúa og að fyrir liggi ásættanleg áætlun um úrbætur fengið tímabundið samþykki heilbrigðisnefndar fyrir bráðabirgðalausn á taðgeymslu.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. desember 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ**

**um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins.**

**I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til útreiknings, endurreiknings og uppgjors tekjutengdra bóta skv. 10. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Þá tekur reglugerðin einnig til útreiknings, endurreiknings og uppgjors vistunarframlags skv. 26. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

*Tekjutengdar bætur:* Bætur þar sem eigin tekjur og/eða tekjur maka hafa áhrif á fjárhæð bóta.

*Bótagreiðsluár:* Almanaksár.

## 3. gr.

*Upplýsingar til Tryggingastofnunar ríkisins skv. 47. gr. almannatryggingalaga.*

Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattfyrirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda eða bótaþega er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Tryggingastofnun skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar. Ef um er að ræða skort á upplýsingum sem rekja má til maka umsækjanda eða bótaþega er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu þeirra bóta sem háðar eru tekjum makans.

Ef umsækjandi eða bótaþegi og maki gefa Tryggingastofnun ríkisins rangar upplýsingar getur stofnunin endurkrafíð bætur, dregið ofgreiðslu frá öðrum bótum, fellt vexti niður af vangreiðslum eða innheimt dráttarvexti af ofgreiðslum í samræmi við 50. gr. almannatryggingalaga.

## II. KAFLI

**Útreikningur bóta.**

## 4. gr.

*Grundvöllur bótaútreiknings.*

Um almenn skilyrði og útreikning bótagreiðslna fer samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í þeim.

Tryggingastofnun ríkisins skal áætla væntanlegar tekjur umsækjanda eða bótaþega og maka hans á bótagreiðsluári. Tekjuáætlun skal byggjast á nýjustu upplýsingum um tekjur sem fengnar eru frá þeim aðilum sem greinir í 1. mgr. 3. gr. Til grundvallar útreikningi á tekjutengdum bótum hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins samkvæmt tekjuáætlun.

## 5. gr.

*Breytingar innan bótagreiðsluársins.*

Verði veruleg breyting á aðstæðum bótaþega eða maka hans innan bótagreiðsluárs og breytingin hefur áhrif á rétt til bóta eða fjárhæð greiðslna er heimilt að breyta útreikningi bóta frá og með næsta mánuði eftir að aðstæður breytast. Með verulegum breytingum er t.d. átt við breytingar á tekjum, hjúskaparstöðu, heimilisaðstæðum og búsetu viðkomandi.

Nú liggur fyrir nýr útreikningur bóta, sbr. 1. mgr. Skal þá jafna áætluðum heildargreiðslum ársins, að frádregnum þeim greiðslum sem þegar hafa verið inntar af hendi, á þá mánuði sem eftir eru af árinu.

## 6. gr.

*Frádráttur innan bótagreiðsluárs.*

Ef sýnt er að bótaþegi hefur fengið svo verulega ofgreiddar bætur að hann hefur að fullu nýtt allan mögulegan bótarétt innan bótagreiðsluárs er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., að hefja frádrátt af greiðslum áður en endurreikningur bótafjárhæða hefur farið fram.

## III. KAFLI

**Endurreikningur bóta.**

## 7. gr.

*Grundvöllur endurreiknings.*

Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattfyrvalda á opinberum gjöldum, skal endurreikna bótafjárhæðir ársins á grundvelli þeirra upplýsinga.

Við endurreikning skulu lagðar til grundvallar þær aðstæður bótaþega á hverjum tíma innan bótagreiðsluársins sem lögum samkvæmt hafa áhrif á greiðslurétt. Í þessu sambandi skal m.a. litið til hjúskaparstöðu, heimilisaðstöðu og búsetu viðkomandi samkvæmt opinberum upplýsingum, s.s. þjóðskrá Hagstofu Íslands.

Endurreikningur skal fara fram í fyrsta sinn við álagningu opinberra gjalda árið 2004. Við þennan endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

## 8. gr.

*Endurreikningur bóta sem greiddar voru hluta úr ári.*

Við endurreikning bóta til þeirra sem fengu greiðslur hluta úr bótagreiðsluári gildir eftirfarandi:

- a) Byggja skal á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá skattfyrvalda þegar um er að ræða tekjur sem eru staðgreiðsluskyldar. Eingöngu ber að líta til tekna þeirra mánaða sem bótaréttur var fyrir hendi í.
- b) Aðrar tekjur en þær sem greinir í a-lið skulu hafa áhrif á endurreikning bótafjárhæða í hlutfalli við fjölda þeirra mánaða sem réttur til bóta var fyrir hendi í.

## IV. KAFLI

**Uppgjör bóta.**

## 9. gr.

*Vangreiddar bætur.*

Komi í ljós við endurreikning samkvæmt III. kafla að bætur hafi verið vangreiddar skal bótaþega greitt það sem upp á vantar.

Greiða skal 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var enda stafi vangreiðslan ekki af skorti á upplýsingum frá bótaþega eða maka hans, sbr. 2. gr.

Hafi bæði myndast vangreiðsla og ofgreiðsla bóta vegna mismunandi tímabila innan bótagreiðsluárs skal draga fjárhæð ofgreiðslu frá vangreiðslunni áður en vextir skv. 2. mgr. eru reiknaðir.

## 10. gr.

*Ofgreiddar bætur.*

Komi í ljós við endurreikning að tekjutengdar bætur hafi verið ofgreiddar skal það sem ofgreitt er dregið frá tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur þær sem lagðar eru til grundvallar bótaútreikningi reynast hærri en tekjuáætlun skv. 4. gr. gerði ráð fyrir og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi eða maki hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna eða aðrar breyttar aðstæður. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum.

## 11. gr.

*Tilhögun frádráttar af bótum.*

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum bótaþega uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað.

Þegar frádrætti er beitt skal Tryggingastofnunin tilkynna bótaþega um frádráttinn og hvenær hann hefst með a.m.k. 14 daga fyrirvara.

## 12. gr.

*Undanþága frá endurkröfu.*

Þrátt fyrir að endurreikningur samkvæmt III. kafla leiði í ljós að bætur hafi verið ofgreiddar er heimilt að falla frá endurkröfu að fullu eða að hluta ef alveg sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Skal þá einkum litið til fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna bótaþega og þess hvort hann var í góðri trú um greiðslurétt sinn.

Nemi ofgreiðsla tekjutengdra bóta lægri fjárhæð en 3.000 kr. og ekki reynist unnt að draga hana frá öðrum tekjutengdum greiðslum er heimilt að falla frá endurkröfu.

## V. KAFLI

**Sérreglur um vistunarframlag frá Tryggingastofnun ríkisins.**

## 13. gr.

*Greiðsla og útreikningur vistunarframlags.*

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar falla niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar lífeyrisþega á dvalarheimili sem ekki er á föstum fjárlögum. Greiðsla lífeyris og tengdra bóta skal hefjast að nýju fyrsta dag næsta mánaðar eftir að dvöl vistmanns lýkur.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða, sem ekki er á föstum fjárlögum, vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra og ákvæði reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldr- aða, með síðari breytingum. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði vistmanns á dvalarheimili aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni.

Vistunarframlag er heimilt að greiða frá því að lífeyrisgreiðslur falla niður eða frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar.

Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur af dvalarheimili falla greiðslur vistun- arframlags niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir lok dvalar. Nú flyst vistmaður af dval- arrými yfir á hjúkrunarrými og skal þá vistunarframlag sem þegar hefur verið greitt til dval- arheimilis fyrir sama tíma dragast frá daggjaldi sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt



fyrir hjúkrunarrýmið samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Nú fer vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar og er þá heimilt að greiða áframhaldandi vistunarframlag út næsta mánuð eftir að innlögnin á sér stað.

14. gr.

*Endurreikningur og uppgjör vistunarframlags.*

Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur vistmanns á bótagreiðsluári liggja fyrir, við álagningu skattýfirvalda á opinberum gjöldum, skal endurreikna kostnaðarþátttöku hans á árinu á grundvelli þeirra upplýsinga.

Í kjölfar endurreiknings á kostnaðarþátttöku vistmanns fer fram uppgjör vistunarframlags á milli Tryggingastofnunar og viðkomandi dvalarheimilis. Hafi vistunarframlag verið vangreitt greiðir Tryggingastofnun dvalarheimili það sem á vantar. Hafi vistunarframlag verið ofgreitt skal Tryggingastofnun draga það sem ofgreitt var frá greiðslum til dvalarheimilis. Of- og vangreiðslur skulu gerðar upp í næsta mánuði eftir að uppvíst verður um þær.

Um útreikning, endurreikning og uppgjör vistunarframlags gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar þessarar, m.a. um áætlun tekna vistmanna, breytingar á aðstæðum þeirra og endurreikning við álagningu opinberra gjalda og dvöl hluta úr mánuði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ekki greiddir vextir á vangreitt vistunarframlag til stofnana.

15. gr.

*Innheimta dvalarkostnaðar á dvalarheimilum fyrir aldraða.*

Dvalarheimili fyrir aldraða skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé. Dvalarheimili skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar.

VI. KAFLI

**Gildistaka.**

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 10. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

*Brekkubær, Hellnum.*

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Brekkubæ, Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Frístundabyggð í landi Traðar.*

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Traðar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 10. desember 2003.*

**Smári Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, hafnarsvæði á Ólafsvík (Bankastræti 1a).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að svæði sem afmarkast af Bankastræti og Gilsbakka, Bankastræti 1a (merkt O16) sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði er breytt í svæði fyrir þjónustustofnun, en skv. auglýstu deiliskipulagi skal reisa þar lögreglustöð o.fl.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, Hvoll.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 28. ágúst 1993.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæðið við Hvol er ætlað til byggingar á aðalskipulags-tímabilinu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Kinnarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1996.

Breytingin felst í því að landnotkun á 20 ha svæði í landi Kinnar við Öxl ofan Búða breytist úr landbúnaðarnotum í frístundabyggð

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, svæði fyrir opinberar stofnanir, neðan Dalbrautar, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í að hluti svæðis neðan Dalbrautar sem ætlað var til síðari stækkunar íbúðarsvæða verður svæði fyrir opinberar stofnanir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>		kg	%	kr./kg
0407.0001 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0
0404.9000 Annað (mysuduft)	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0001) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn kg</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./kg</b>
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleracea- acepjala)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat, á öðrum tíma	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifíflsblöð	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur, á öðrum tíma	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávextir	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflugur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.04	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0709.6004	Önnur paprika	16.03.-31.10.04	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmafs	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.04	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál úf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2003.*

F. h. r.  
**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag Fossatúns, Borgarfjarðarsveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fyrir hönd hreppsnefndar, 8. desember 2003.*

**Linda Björk Pálsdóttir**, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ****um endurmenntun endurskoðenda.**

## 1. gr.

Allir þeir sem eru handhafar löggildingar til endurskoðunarstarfa skulu sækja endurmenntun eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Endurskoðandi sem hefur ekki lagt inn réttindi sín, sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1997, skal á hverju þriggja ára tímabili sækja endurmenntun sem svarar til 90 eininga. Endurmenntunin skiptist í tvo hluta, annars vegar faglegan hluta 54 einingar og hins vegar almennan hluta 36 einingar. Endurmenntunarnámskeið í faglegum hluta skulu skiptast þannig að 18 einingum sé varið til námskeiða tengdra endurskoðun, 18 einingum til námskeiða tengdra skatta- og félagarétti og 18 einingum til námskeiða tengdra reikningshaldi. Námskeið í almennum hluta skulu valin með hliðsjón af því að innihald þeirra nýtist endurskoðanda í starfi hans sem endurskoðandi.

Endurmenntunarnámskeið skulu háð fyrirfram samþykki menntunarnefndar Félags löggiltra endurskoðenda.

Óheimilt er að flytja endurmenntunareiningar milli endurmenntunartímabila.

## 2. gr.

Óski endurskoðandi eftir endurnýjun réttinda sinna, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 18/1997, skal hann sýna fram á að hann hafi lokið 1/3 hluta þeirrar endurmenntunar sem krafist er skv. 1. gr., á síðustu 12 mánuðum frá því að endurskoðandi óskar eftir endurnýjun.

## 3. gr.

Endurskoðandi skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlestrum á eyðublað sem Félag löggiltra endurskoðenda útbýr til notkunar við framkvæmd þessarar reglugerðar og skila því til skrifstofu Félags löggiltra endurskoðenda fyrir 31. janúar ár hvert.

Félag löggiltra endurskoðenda heldur skrá yfir fjölda endurmenntunareininga hvers endurskoðanda og tilkynnir ráðherra um þá sem uppfylla ekki ákvæði reglugerðar þessarar um endurmenntun.

Endurskoðandi skal framvísa gögnum um þátttöku sína í námskeiðum, sem menntunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda hefur fyrirfram samþykkt, óski Félag löggiltra endurskoðenda eftir því. Verði endurskoðandi ekki við ósk félagsins um að framvísa umbeðnum gögnum falla viðkomandi einingar niður.



Endurskoðandi greiðir allan kostnað vegna endurmenntunar sinnar samkvæmt reglugerð þessari.

## 4. gr.

Þeir sem hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa eftir upphaf endurmenntunartímabils eru ekki krafðir um endurmenntun fyrr en í upphafi næsta þriggja ára endurmenntunartímabils eftir löggildingu þeirra. Þeir endurskoðendur sem fá endurnýjun réttinda sinna skv. 2. gr. þessarar reglugerðar skulu sækja endurmenntun í hlutfalli við réttindatíma sinn á endurmenntunartímabili.

## 5. gr.

Uppfylli endurskoðandi ekki þær kröfur um endurmenntun sem krafist er skv. reglugerð þessari skulu réttindi hans felld úr gildi. Ráðherra skal áður en slík ákvörðun er tekin leita álits endurskoðendaráðs og gefa endurskoðanda kost á að koma að andmælum og eftir atvikum að bæta úr ágalla áður en ákvörðun um niðurfellingu réttinda er tekin. Endurskoðandi sem þannig hefur misst réttindi sín getur öðlast þau síðar, sbr. 19. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, enda hafi hann áður lokið 90 einingum í endurmenntun á því endurmenntunartímabili sem í gildi er þegar sótt er um endurveitingu réttindanna sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

## 6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, öðlast gildi 1. janúar 2004 og hefst þá nýtt þriggja ára endurmenntunartímabil. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 673/1998, um endurmenntun endurskoðenda og lýkur endurmenntunartímabili samkvæmt þeirri reglugerð 31. desember 2003.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Elva Ósk S. Wium.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Traðarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að 9,4 ha svæði sem ætlað var til landbúnaðarnota verður svæði fyrir frístundabyggð.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# AUGLÝSING

## (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

### 1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, staðfestir ráðuneytið eftirgreindar úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

#### 1. Árneshreppur.

Úthlutað verði til fiskiskipa sem skráð eru í Árneshreppi og gerð hafa verið þaðan út á fiskveiðiárinu 2003/2004. Skiptist hlutur Árneshrepps milli skipa á grundvelli aflahlut-deildar þeirra.

#### 2. Skeggjastaðahreppur.

Úthlutað verði til skipa sem eru 200 brl. eða stærri enda hafi útgerð þeirra gert samkomulag við starfandi fiskvinnslu á Bakkafirði um vinnslu aflans.

#### 3. Vopnafjarðahreppur.

Úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðahrepps fari að ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003 þó þannig að fiskiskip 1000 brt. og stærri komi ekki til greina við úthlutun og skiptist hlutur þeirra jafnt milli annarra aðila er úthlutað er. Forsenda úthlutunar er að aflanum verði landað til vinnslu í sveitarfélaginu og auk þess verði leitast við að landa til vinnslu sambærilegu magni á móti.

### 2. gr.

#### Austurbyggð.

Með auglýsingu þessari eru jafnframt leiðréttar reglur Austurbyggðar sem birtust í auglýsingu nr. 891, 1. desember 2003, að því leyti að við 1. tl. bætist: Eingöngu aflamarkskip undir 100 brt. og krókaaflamarksbátar koma til greina við úthlutun byggðakvótans.

### 3. gr.

Að þessari auglýsingu birtri skulu sveitarstjórnir auglýsa eftir umsóknum og kynna úthlutunarreglur. Að loknum fresti sem sveitarstjórn veitir til umsókna, gerir sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimildanna milli einstakra fiskiskipa. Fallist ráðuneytið á tillögur sveitarstjórna koma þær til framkvæmda. Að öðrum kosti er aflaheimildum skipt milli einstakra fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegráðuneytinu, 15. desember 2003.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*

# REGLUGERÐ

## um skotelda.

### I. KAFLI Gildissvið.

#### 1. gr.

Með skoteldum í reglugerð þessari er átt við búnað eða tæki sem innihalda efni eða efnasambönd sem með íkveikju eða á annan hátt er ætlað að framkalla áhrif í formi ljóss, hljóðs, hita, lofttegunda eða reyks og eru tilkomin vegna efnafræðilegra breytinga.

Undir hugtakið skoteldar falla m.a. flugeldar, blys, reyk-, lita-, lyktar- og hvelsprenjur og ýmiss konar skrauteldar.

Í viðauka reglugerðarinnar er nánar fjallað um flokkun skotelda og leyfilega notkun hvers flokks fyrir sig, sem í aðalatriðum skiptast þannig:

1. flokkur: Skoteldar sem skapa litla hættu og eru án aldurstakmarkana notenda.
2. flokkur: Skoteldar sem henta til notkunar utanhúss í húsagörðum eða á minni svæðum.
3. flokkur: Skoteldar sem henta til notkunar á stórum opnum svæðum.
4. flokkur: Skoteldar sem ekki eru fullgerðir og/eða ekki eru ætlaðir til sölu til almennings.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki um sérbúna skotelda svo sem neyðarblys og skotelda hernaðarlegs eðlis. Um slíka skotelda er vísað til reglugerðar um sérbúna skotelda.

### Almenn ákvæði.

#### 2. gr.

Almenn notkun og sala á skoteldum til almennings er óheimil, nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum nema á skoteldum í flokki 1 sem má nota allt árið. Smásala annarra skotelda er aðeins heimil á viðurkenndum sölustöðum.

Undanþegnir hinu almenna banni um notkun skotelda utan tímamarka, sbr. 1. mgr., eru framleiðendur og innflytjendur vegna prófunar á skoteldum, þeir sem hafa fengið leyfi fyrir skoteldasýningum og þeir sem hafa fengið sérstakt leyfi lögreglustjóra til að nota skotelda við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar.

Á því tímabili sem almenn notkun skotelda er leyfð er meðferð þeirra þó alltaf bönnuð frá miðnætti til kl. 9.00 að undanskilinni nýársnótt.

#### 3. gr.

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum. Nánar er fjallað um aldursmörkin í viðauka.

Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil og öll meðferð barna á þeim skal vera undir eftirliti fullorðinna.

#### 4. gr.

Skoteldar skulu vera með álímdum eða áprentuðum leiðbeiningum á íslensku þar sem fram kemur stutt lýsing á eiginleikum þeirra og hvernig beri að nota þá þannig að sem minnst hættu stafi af. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar um smáa og hættulitla skotelda er að ræða, enda séu þeir seldir nokkrir saman í merktri þakningu.

Innlendum framleiðendum og innflytjendum er skylt að útbúa, til dreifingar á sölustöðum, almennar leiðbeiningar um notkun skotelda og til hvaða varúðarráðstafana skuli grípa ef skoteldur reynist gallaður eða springur ekki eftir tendrun.

## 5. gr.

Óheimilt er að breyta á nokkurn hátt skoteldi þannig að hann hljóti aðra eiginleika en framleiðandi hans ætlaðist til.

## 6. gr.

Við meðferð og vörslu skotelda skal ítrustu varúðar gætt og ætíð farið eftir skráðum leiðbeiningum.

## 7. gr.

Við brennu og í næsta nágrenni við hana er öll meðferð flugelda og annarra skotelda sem hætta stafar af vegna ferils þeirra eftir tendrun bönnuð. Þar er aðeins leyfilegt að nota stjörnuljós og blys, þó ekki skotblys.

## 8. gr.

Notkun skotelda er bönnuð við staði þar sem þeim er pakkað, þeir seldir eða geymdir og í nálægð við aðra staði þar sem eldfim efni er að finna.

Flugelda má ekki nota innan þeirra fjarlægðamarka sem hér greinir:

- a) 100 metra frá mannvirkjum sem gerð eru úr sérstaklega eldfimum efnum, stöðum þar sem eldfim efni eru geymd, timburgeymslum, brennanlegum umbúðum og þess háttar, geymslustöðum eldfimra vökva og gaskútum.
- b) 200 metra frá skóglendi, lynggrónu landi eða öðrum viðkvæmum gróðri.

Notkun stærri skotelda en þeirra sem falla undir 2. flokk, annarra en flugelda, er bönnuð innan eftirgreindra marka:

- a) 50 metra frá mannvirkjum sem gerð eru úr sérstaklega eldfimum efnum, stöðum þar sem eldfim efni eru geymd, timburgeymslum, brennanlegum umbúðum og þess háttar geymslustöðum eldfimra vökva og gaskútum.
- b) 100 metra frá skóglendi, lynggrónu landi eða öðrum viðkvæmum gróðri.

Almenn notkun skotelda á lóðum elliheimila og sjúkrahúsa er bönnuð.

Undanskildir ofangreindum fjarlægðamörkum eru smærri skoteldar, svo sem stjörnuljós, handblys og þess háttar sem hægt er að hafa fulla stjórn á, en við notkun þeirra skal hafa sérstaka gát í nánd við eldfimt umhverfi.

Sérstakt tillit til dýra skal viðhaft við meðferð skotelda og við gripahús er notkun þeirra bönnuð.

## 9. gr.

Tilkynna ber lögreglu um öll alvarleg slys sem verða af völdum skotelda. Þá ber að tilkynna lögreglunni í Reykjavík, sem samkvæmt 22. gr. annast gerðarviðurkenningu á skoteldum, um gallaða skotelda í umferð.

## 10. gr.

Lögreglustjórar geta bannað notkun skotelda á tilteknu svæði eða bundið notkun þeirra tilteknum skilyrðum um ákveðinn tíma, teljist slíkar aðgerðir nauðsynlegar til að draga úr ónæði eða hættu sem talin er vera fyrir hendi.

## II. KAFLI Skoteldasýningar.

### 11. gr.

#### *Almenn skilyrði.*

Lögreglustjórum er heimilt að veita sérstök leyfi til skoteldasýninga. Útgáfa leyfis til sýningar er bundin því skilyrði að ákveðinn aðili hafi umsjón með sýningunni og að sérstakur skotstjóri annist framkvæmd hennar. Umsjónaraðili skal hafa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna mögulegra slysa á fólki og tjóns af völdum skoteldanna. Skotstjóri skal vera fullra 18 ára og hafa víðtæka þekkingu á skoteldum og reynslu til að annast skoteldasýningar. Ríkislögreglustjórinn getur sett sérstakar reglur um hæfnismat skotstjóra.

Umsóknum um leyfi til skoteldasýninga skal beina til lögreglustjóra í því umdæmi sem sýning er fyrirhuguð. Í leyfisumsókn skal tilgreina nafn skotstjóra, fyrirhugaðan sýningarstað, hvenær sýning hefst og hvenær henni lýkur. Tilgreina skal heildarmagn skotelda sem nota á, hvernig það skiptist eftir tegundaheitum og frá hvað framleiðanda og/eða innflytjanda þeir eru.

Lögreglunni ber að tilkynna slökkviliði, tilkynningarskyldunni, hafnar- og flugstjórnaryfirvöldum um skoteldasýningar. Jafnframt skal senda lögreglustjóranum í Reykjavík afrit af þeim leyfum sem gefin eru fyrir skoteldasýningum.

Skilyrði til að veita leyfi fyrir skoteldasýningu eru að fyrir liggi samþykki heilbrigðisnefndar fyrir sýningunni, sbr. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig skal fylgja umsögn sveitarstjórnar og slökkviliðsstjóra.

Lögreglustjóri getur takmarkað leyfi til sýninga við ákveðið magn og gerðir skotelda, afturkallað leyfi til sýninga hvenær sem er, eða gefið fyrirmæli um að sýningu skuli frestað.

### 12. gr.

#### *Öryggisreglur.*

Við framkvæmd skoteldasýninga gilda eftirfarandi reglur:

1. Leyfishafi skal, ef þess er krafist af lögreglustjóra, auglýsa fyrirhugaða sýningu með sólarhrings fyrirvara í fjölmiðlum samkvæmt nánari fyrirmælum hans. Leyfishafa ber að tilkynna lögreglu og flugstjórnaryfirvöldum að minnsta kosti 15 mínútum áður en skoteldasýning hefst.
2. Skoteldasýningar skulu ekki haldnar eftir kl. 23.00 virka daga og ekki eftir kl. 24.00 um helgar.
3. Aldrei skulu færri en tveir menn sjá um framkvæmd sýninga.
4. Áður en undirbúningur skoteldasýningar hefst skal afmarka öryggissvæði með áberandi hætti, t.d. plastrenningum í a.m.k. 18 metra fjarlægð.
5. Á meðan skotið er skal afmarka öryggissvæðið frá áhorfendum með eftirfarandi hætti:
  - a. 30 metrar ef notaðar eru „skotkökur og gos“
  - b. 100 metrar ef notaðar eru „bombur“ 150 mm (6 tommur) eða minni að þvermáli.
  - c. A.m.k. 130 metrar ef notaðir eru stærri skoteldar en um getur í lið b.
6. Leyfishafa er skylt að vakta öryggissvæði á tryggan hátt samkvæmt fyrirmælum lögreglu.
7. Innan afmarkaðs öryggissvæðis skulu ekki vera byggingar eða starfsemi þar sem eldhætta er mikil eða hætta á skemmdum, sbr. ákvæði 8. gr.
8. Skothólkar skulu vera úr pappa, plasti, trefjaplasi, eða öðrum sambærilegum efnum og þannig gerðir að ekki stafi hætta af hlutum þeirra ef þeir springa. Aðeins skal nota skothólka sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur viðurkennt. Endurhleðsla í skothólka og notkun járnhólka er bönnuð.

9. Skothólka skal skorða vandlega.
10. Á skotstað skal vera fullnægjandi slökkvibúnaður, minnst 2 slökkvitæki fyrir A-elda, til dæmis 9 lítra vatnsslökkvitæki með slökkvimátt 13A samkvæmt staðlinum ÍST EN3.
11. Allir sem starfa á skotsvæði skulu vera búnir hjálmi með andlitshlíf og fatnaði úr tregtendranlegum efnum.
12. Reykingar eru bannaðar á skotstað.
13. Sýningu má ekki hefja fyrr en skotstjóri hefur yfirfarið öryggisþætti og gefið leyfi fyrir skotum.
14. Að sýningu lokinni skal gengið úr skugga um að engir ósprungnir skoteldar séu eftir á svæðinu. Ósprungnum skoteldum skal eytt, sbr. 31. gr. Leyfishafa ber jafnframt að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem skoteldasýning hefur farið fram.

### III. KAFLI

#### Framleiðsla, innflutningur og verslun.

##### 13. gr.

##### *Leyfi til framleiðslu.*

Enginn má framleiða skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Framleiðsluleyfi felur í sér rétt til heildsölu og innflutnings á hráefni til vinnslunnar að því tilskyldu að sala og innflutningur viðkomandi efna sé ekki takmarkaður samkvæmt öðrum reglugerðum.

Leyfi til að framleiða skotelda í atvinnuskyni verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé skráð fyrirtæki með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann, sem hefur sérþekkingu á skoteldum og hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt að fyrirtækið hafi gilt starfsleyfi, sbr. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og að húsnæði til framleiðslunnar standist kröfur Brunamálastofnunar að mati slökkviliðsstjóra.

##### 14. gr.

##### *Skyldur framleiðanda.*

Leyfishafa ber að fylgja fyrirmælum lögreglu um framleiðsluna, sem skal standast sömu gæðakröfur og áskilið er um innflutta skotelda, sbr. 22. gr.

Framleiðanda er aðeins heimilt að ráðstafa skoteldum til þeirra sem hafa leyfi til verslunar með skotelda og til þeirra sem hafa fengið sérstakt leyfi lögreglustjóra til að nota skotelda utan sölutímabils, sbr. 2. gr., enda framvísi kaupandi gildu leyfi.

Framleiðandi skal geyma skotelda og hráefni til framleiðslunnar við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi svo sem gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða og svo framvegis. Heimilt er að takmarka magn skotelda sem má geyma á sama stað og sýningavörur í flokki 4 skal geyma aðskildar frá öðrum skoteldum. Þar sem ekki er sólarhringsvöktun skal framleiðslustaður og birgðageymsla tengd vaktstöð. Um varðveislu og flutning á sprengjanlegum efnum, svo sem púðri, fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um sprengiefni og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

##### 15. gr.

##### *Umsókn um framleiðsluleyfi.*

Umsókn til ríkislögreglustjórans um framleiðsluleyfi skal undirrituð af forráðamanni fyrirtækis og árituð af ábyrgðarmanni ef hann er annar en forráðamaður. Í umsókn skal greina frá eftirfarandi:

1. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi fyrirtækis.
2. Staðsetningu framleiðslu og birgðastöðvar.
3. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi ábyrgðarmanns framleiðslunnar.

4. Nöfnum og kennitölum stjórnarmanna fyrirtækis.
5. Hvað fyrirhugað er að framleiða.
6. Hvaða faglegu þekkingu ábyrgðarmaður býr yfir vegna fyrirhugaðrar framleiðslu.

Umsókn skal fylgja staðfesting Hagstofu Íslands um skráningu fyrirtækisins, staðfesting frá skattstjóra um virðisaukaskattsnúmer og vottorð frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki eða tjóns á munum vegna framleiðslunnar.

16. gr.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og slökkviliðsstjóra.

Um gjald fyrir framleiðsluleyfi og endurnýjun þess fer skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gildistími leyfis skal ekki vera lengri en 5 ár.

17. gr.

*Leyfi til innflutnings.*

Enginn má flytja inn skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjórans að undanskildum skoteldum í flokki 1. Innflutningsleyfi felur jafnframt í sér leyfi til heildsölu á skoteldum, en vilji innflytjandi koma upp smásölustað skal sækja um slíkt leyfi til lögreglustjóra ár hvert, sbr. 24. gr. Innflutningur einstaklinga á skoteldum til eigin nota er bannaður.

Leyfi til að flytja inn skotelda í atvinnuskyni verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé fyrirtæki eða félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur sérþekkingu á skoteldum og hefur náð 18 ára aldri.

18. gr.

*Tollafgreiðsla.*

Óheimilt er að tollafgreiða skotelda í flokkum 1-4 nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur samþykkt til innflutnings. Sækja skal um áritun vörureiknings fyrir hverri sendingu.

Í umsókn um áritun vörureiknings skal tilgreina tegundir skotelda, magn einstakra tegunda, stærð og samsetningu. Sérstaklega skal tilgreina þá skotelda sem eingöngu er leyft að nota til skoteldasýninga, sbr. viðauka reglugerðarinnar og skotelda sem eingöngu eru notaðir við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar.

19. gr.

*Skyldur innflytjanda.*

Innflytjandi skal geyma skotelda við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi s.s. gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða o.s.frv. Heimilt er að takmarka magn skotelda sem geymt er á sama stað og sýningavörur í flokki 4 skal geyma aðskildar frá öðrum skoteldum. Þar sem ekki er sólarhringsvöktun skal birgðageymsla tengd eftirlitsmiðstöð. Um varðveislu og flutning á sprengjanlegum efnum, svo sem púðri, fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um sprengiefni og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

Innflytjanda er óheimilt, utan eigin smásölu skv. 17. gr., að selja skotelda öðrum en þeim sem hafa leyfi til heildsölu eða smásölu.

Óheimilt er að selja skotelda sem eingöngu eru leyfðir til skoteldasýninga (flokkur 4) öðrum en þeim sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra fyrir sýningu og ber seljanda að krefjast framvísunar á slíku leyfi áður en sala fer fram. Hið sama gildir um skotelda sem ætlaðir eru til nota við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar, sbr. 30. gr.

## 20. gr.

*Umsókn um innflutningsleyfi.*

Umsókn til ríkislögreglustjórans um leyfi til að flytja inn skotelda skal undirrituð af forráðamanni fyrirtækis/félagasamtaka og árituð af ábyrgðarmanni ef hann er annar en forráðamaður. Í umsókn skal greina frá eftirfarandi:

1. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi félags.
2. Staðsetningu birgðastöðvar.
3. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi ábyrgðarmanns.
4. Nöfnum og kennitölum stjórnarmanna félags.
5. Hvaða faglegu þekkingu ábyrgðarmaður býr yfir.

Umsókn skal fylgja staðfesting Hagstofu Íslands um skráningu félagsins, staðfesting frá skattstjóra um virðisaukaskattsnúmer og vottorð frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki eða tjóns á munum af völdum skotelda vegna starfseminnar.

## 21. gr.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, vinnueftirlits og slökkviliðsstjóra.

Um gjald fyrir leyfi til að flytja inn skotelda og endurnýjun þess fer skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gildistími leyfis skal ekki vera lengri en 5 ár.

## 22. gr.

*Gerðarviðurkenning.*

Lögreglustjóranum í Reykjavík er falið að annast eftirlit með að skoteldar standist gæðakröfur, að árita vörureikninga vegna innflutnings og meta hvort merkingar á þeim séu fullnægjandi. Hann gefur jafnframt út leiðbeiningar um lágmarksmerkingar á skoteldum. Við matið skal lögreglustjóri hafa hliðsjón af viðauka sem fylgir reglugerð þessari.

Lögreglustjórinn í Reykjavík getur krafist þess, áður en hann tekur afstöðu til merkinga og gæða skotelda, að innflytjandi og/eða innlendir framleiðandi láti honum í té sýnishorn af fyrirhugaðri söluvöru, sem lögreglustjóri rannsakar eða lætur rannsaka á kostnað þeirra. Ef um er að ræða nýjar tegundir skotelda sem ekki hafa verið fluttar inn áður skulu þær sérstaklega tilgreindar á innflutningsskjölum.

Óheimilt er að flytja inn eða selja eldri skotelda en tveggja ára.

## 23. gr.

*Sérstakar takmarkanir.*

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal marka reglur um leyfða skotelda hverju sinni og skal þá tekið mið af reynslu fyrri ára um öryggi þeirra. Þær reglur skal hann endurskoða árlega og halda fund með innflytjendum um breytingar á reglum.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt, með umburðarbréfi til allra lögreglustjóra, að takmarka og/eða banna innflutning og sölu á tilteknum tegundum skotelda.

## 24. gr.

*Leyfi til smásölu.*

Enginn má selja skotelda í smásölu nema með leyfi lögreglustjóra, enda fullnægi sölustaðir öryggiskröfum skv. 25. gr. Um geymslu á birgðum skal farið samkvæmt 1. mgr. 19. gr. Á sölustöðum er aðeins heimilt að selja skotelda frá þeim sem hafa leyfi til framleiðslu og innflutnings skotelda í atvinnuskyni. Undanskildir eru skoteldar í flokki 1.

Leyfi til smásölu skotelda verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé fyrirtæki eða



félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur sérþekkingu á skoteldum og hefur náð 18 ára aldri. Þeir sem starfa við skoteldasölu skulu hafa náð 18 ára aldri.

Smásöluleyfi má aðeins veita fyrir tímabilið 28. desember til 6. janúar ár hvert og skulu umsóknir um slík leyfi berast lögreglustjóra a.m.k. 4 vikum fyrir áætlað sölutímabil.

#### 25. gr.

##### *Öryggisreglur á sölustöðum.*

Um sölustaði skotelda aðra en í flokki 1 gilda eftirfarandi reglur:

1. Sé sölustaður hluti af stærri byggingu skal hann vera sérstakt brunahólf með EI60 veggjum og klæðningu í flokki 1. Hurðir frá sölustað að öðrum hluta byggingar skulu vera EICS60. Staðurinn skal liggja að útvegg með hurð og gluggum á a.m.k. einni hlið. Stærð brunahólfs skal vera af eðlilegri stærð miðað við umfang sölunnar og þar skal ekkert vera sem ekki tilheyrir sölustarfseminni. Sölustaður skal vera á jarðhæð byggingar.
2. Heimilt er að leyfa sölu úr stakstæðum timburskúrum eða stálgámum, ef stærð þeirra er a.m.k. 25 fermetrar og þar séu að jafnaði óverulegar birgðir. Þeir mega þó ekki vera nær næstu byggingu en 15 metra.
3. Sé birgðageymsla tengd sölustað skal hún vera aðskilin frá honum með vegg EI60 og allar klæðningar skulu vera í flokki 1. Hurðir í slíkum vegg skulu vera EICS30.
4. Sölustaðir skulu hafa dyr sem liggja beint út undir bert loft. Hurðir skulu opnast út, vera með pumpum og opnast án þess að snúa þurfi hurðahúnum, þ.e. að nóg sé að ýta á þær innan frá eða toga í handfang utan frá.
5. Ekki er heimilt að vera með laustengd ljós („hunda“) á sölustöðum. Um raflagnir vísast að öðru leyti til úttekta slökkviliðsstjóra.
6. Öll meðferð með opinn eld og reykingar eru bannaðar á sölustöðum og skulu varnaðarskilti þar um vera áberandi bæði innan sem utan dyra.
7. Ganga skal frá stórum skoteldum á sölustað þannig að þykkt plast sé fyrir framan hillur og magni stillt í hóf.
8. Á sölustöðum skulu vera handslökkvitæki og annar slökkvibúnaður, sem slökkviliðsstjóri mælir fyrir um.
9. Öll sala skotelda er óheimil utan þeirra sölustaða sem slökkviliðsstjóri hefur skoðað og lögreglustjóri samþykkt.
10. Sölustaðir skulu tengdir vaktstöð, vaktaðir allan sólarhringinn eða öryggi tryggt með öðrum fullnægjandi hætti að mati lögreglustjóra.
11. Lögreglustjóri getur hafnað umsókn um sölustað ef staðsetning skapar hættu fyrir umferð eða af öðrum sérstökum aðstæðum.

#### 26. gr.

##### *Umsókn um smásöluleyfi.*

Umsókn um smásöluleyfi skv. 24. gr. skal beina til lögreglustjóra undirritaðri af forráðamanni fyrirtækis eða félagasamtaka og áritaðri af ábyrgðarmanni ef hann er annar en forráðamaður. Í umsókn skal greina frá eftirfarandi:

1. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi félags.
2. Staðsetningu sölustaðar.
3. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi ábyrgðarmanns.

Umsókn skal fylgja vottorð váttryggingafélags um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki og tjóns á munum vegna skotelda á sölustað og vottorð slökkviliðsstjóra um sölustaðinn.

## 27. gr.

*Leyfi til útflutnings.*

Að undanskildum skoteldum í flokki 1 má enginn flytja skotelda úr landi nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Aðeins má flytja út skotelda, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur samþykkt til notkunar hér á landi.

## 28. gr.

*Umsókn um útflutningsleyfi.*

Í umsókn um leyfi til útflutnings skal greina eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.
2. Staðsetningu birgðastöðvar.
3. Nafn og heimili kaupanda eða viðtakanda.
4. Tegund, gerð og magn þess sem fyrirhugað er að flytja út.
5. Flutningsmáta og brottfarardag.

Umsókn skal fylgja vottorð váttryggingafélags um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki og tjóns á munum vegna skotelda sem flytja á út og vottorð slökkviliðsstjóra um birgðastöð.

## 29. gr.

*Skyldur útflytjanda.*

Útflytjandi skal geyma skotelda við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi svo sem gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða og svo framvegis. Þar sem ekki er sólarhringsvakt skal birgðageymsla tengd eftirlitsmiðstöð. Um varðveislu og flutning á sprengjanlegum efnum, svo sem púðri fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um sprengiefni og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

Framvísa skal útflutningsleyfi til tollayfirvalda.

## 30. gr.

*Sérstök notkun skotelda.*

Þeir sem nota skotelda við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar skulu sækja um sérstakt leyfi til lögreglustjóra fyrir slíkri notkun. Öðrum en þeim sem hafa þannig leyfi er óheimilt að nota skotelda, að undanskildum skoteldum í flokki 1, til slíkrar starfsemi.

Um skotelda sem ætlaðir eru til framangreindra nota gilda ákvæði reglugerðarinnar eftir því sem við á.

## 31. gr.

*Eyðing skotelda.*

Öllum skoteldum, sem vegna galla, aldurs, eða af öðrum ástæðum teljast hættulegir skal eytt. Söluaðilum skotelda er skylt að taka á móti skoteldum til eyðingar, sem þeir hafa sannanlega selt, ef kaupandi óskar þess. Framleiðandi og/eða innflytjandi skal bera kostnað af eyðingu skotelda.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaða eyðingu, sem eftir atvikum ákveður hvar og hvenær hún fer fram að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd og slökkviliðsstjóra. Kunnáttumaður sem lögreglustjóri viðurkennir skal annast eyðingu skotelda.

## IV. KAFLI

**Skráning, eftirlit og refsingar.**

## 32. gr.

*Skráning.*

Ríkislögreglustjórinn skal halda skrá um þau félög sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn skotelda í atvinnuskyni og lögreglustjórar um þau fyrirtæki og félagasamtök sem hafa fengið leyfi til smásölu á skoteldum og um fjölda sölustaða. Lögreglustjórar skulu senda ríkislögreglustjóranum afrit af öllum leyfum sem gefin eru fyrir skoteldasýningum og smásölu skotelda.

Leyfishafar skulu halda birgðabókhald yfir vörur sínar og ráðstöfun þeirra og skal sérstaklega aðgreina sölu á skoteldum í flokki 4.

## 33. gr.

*Eftirlit.*

Lögreglustjórar, vinnueftirlit og slökkviliðsstjórar hver í sínu umdæmi, annast eftirlit með framleiðslu og verslun með skotelda. Þeir geta hvenær sem er og án sérstakrar heimildar skoðað húsnæði þar sem skoteldar eru framleiddir og seldir eða þar sem birgðir eru geymdar, meðal annars til að kanna ráðstöfun á skoteldum sem eingöngu eru ætlaðir til skoteldasýninga.

Komi í ljós, að mati lögreglustjóra, að húsnæði eða vörslu skotelda sé ábótavant getur hann til bráðabirgða lagt hald á þá, enda geri hann ríkislögreglustjóranum tafarlaust viðvart um þá framkvæmd.

Ef í ljós kemur að einhver tegund skotelda reynist gölluð eða sérstaklega hættuleg, eftir að sala á henni hefur verið leyfð, getur ríkislögreglustjórinn bannað frekari sölu og krafist þess að birgðum verði eytt.

## 34. gr.

*Synjun umsókna.*

Komi til greina að synja umsókn samkvæmt reglugerð þessari skal gefa umsækjanda kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Sé umsókn samkvæmt reglugerð þessari synjað skal það gert skriflega og skal synjunin rökstudd. Gera skal grein fyrir því að kæra megi synjun til æðra stjórnvalds innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Viðkomandi skal tilkynnt í hverju tilviki hvert æðra stjórnvald er.

## 35. gr.

*Afturköllun leyfa.*

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari getur leyfisveitandi afturkallað ef ekki teljast lengur fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, leyfishafi hefur ekki farið eftir settum fyrir-mælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnisýslulaga, enda sé hætt á tjóni fyrir menn eða muni.

Um afturköllun leyfis gilda ákvæði 35. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

## 36. gr.

*Refsingar.*

Brot á reglum varðar sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, sbr. VII. kafla vopnalaga nr. 16 frá 25. mars 1998, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

## 37. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í vopnalögum nr. 16 frá 25. mars 1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um sölu og meðferð skotelda nr. 536 frá 19. desember 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Friðfinnsson.*

## VIÐAUKI

**Almenn ákvæði.***Umfang.*

Í þessum viðauka reglugerðar um skotelda eru skilgreindar kröfur til þeirra sem mega meðhöndla og nota skotelda, ásamt tilhögun við geymslu þeirra. Viðaukinn fjallar um skotelda til notkunar fyrir almenning, skotelda sem notaðir eru við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar, og skotelda sem notaðir eru í skoteldasýningar.

*Gagnkvæmar viðurkenningar.*

Þegar sótt er um leyfi til innflutnings á skoteldum skal þess getið ef skoteldar eru framleiddir í samræmi við evrópsk staðladrög eða endanlega evrópska staðla. Sé svo er gert ráð fyrir að þeir uppfylli þær kröfur sem koma fram í reglugerð um skotelda og í viðaukanum.

*Skilgreiningar.*

Hugtakið skoteldur:

Búnaður eða tæki sem innihalda efni eða efnasambönd sem með íkveikju eða á annan hátt er ætlað að framkalla áhrif í formi ljóss, hljóðs, lofttegunda eða reyks og eru tilkomin vegna efnafræðilegra breytinga. Um er að ræða búnað ætlaðan til skemmtunar, sem inniheldur sprengiefni sem unnt er að brenna og/eða láta springa þannig að slíkt sé sýnilegt og/eða heyrnlegt.

Undantekningar:

Undir hugtakið falla ekki sérbúnir skoteldar svo sem neyðarblys og skoteldar hernaðarlegs eðlis. Með því er átt við sérstakan tæknilegan búnað, svo sem merkjablys, annan björgunarbúnað og hernaðartæki, sem eingöngu má nota við æfingar og í neyðartilvikum.

**Flokkunarkerfi skotelda.**

Skoteldar skulu merktir með flokkanúmeri eftir því sem við verður komið. Þeim er skipt í flokka 1-3 sem seldir eru til almennings og flokk 4 sem eingöngu sérfræðingum er heimilt að meðhöndla.

*Skoteldar í flokki 1:*

Skoteldar sem skapa litla hættu og eru án aldurstakmarkana notenda og notaðir eru á afmörkuðum svæðum, þ.m.t. skoteldar sem ætlaðir eru til nota innanhúss og má nota allan ársins hring.

Þegar þessir skoteldar eru notaðir samkvæmt leiðbeiningum ættu þeir ekki að valda meiðslum á fólki sem stendur í 1 m fjarlægð eða meira frá þeim, né valda skemmdum á eignum. Gerðir 1F, 1G og 1I má einungis selja á viðurkenndum sölustöðum.

Tafla 1. Skoteldar í 1. flokki				
Gerð	Heiti	Lýsing	Meginverkun	Sérstakar athugasemdir
1A	„Knalletta“	Bóla af höggnaemu púðri inni í hylki sem er ekki úr málm	Hvellur	Gjarnan notað í „leikfangabyssur“
1B	Reyk bomba	Inniheldur sprengiefni sem myndar mikinn reyk við bruna	Reykmyndun	Sala bönnuð til almennings
1C	Innisprengja	Má halda á, springur við að toga í spotta	Hvellur, og bréfræmur geta skotist út	Til notkunar innandyra
1D	Borðsprengja	Pappahylki með smádóti, springur við að tendra kveik	Hvellur, bréfræmur og / eða smáhlutir skjótast út	Til notkunar innandyra
1E	Hvellkúla	Kúla [úr pappír] með höggnaemu púðri	Hvellur heyrir þegar kúlunni er fleygt [á harðan flöt]	Innflutningur bannaður
1F	Skrauteldspýta	Smáspýta (flís) húðuð sprengiefni að hluta, haldið á og kveikt í með stroku	Neistar og/eða áberandi logi	
1G	Stjörnuljós	Vír, húðaður sprengiefni að hluta, haldið í óhúðaðan enda	Neistaflug	Lengd vírs 40 cm eða styttri. Innflutningur fosfórstjörnuljósa bannaður
1H	Knall	Tvær samtengdar ræmur úr pappa eða pappír, inni í pappírshólki. Springur ef togað er í ræmurnar	Hvellur, og smáhlutir koma út úr hólkinum	Til notkunar innandyra
1I	Snákur	Inniheldur sprengiefni sem blæs út við bruna	Púðurleifar þenjast út líkt og blásið sé í blöðru	

*Skoteldar í flokki 2:*

Skoteldar sem henta til notkunar utanhúss í húsagörðum eða á minni svæðum. Um er að ræða skotelda sem skapa litla hættu og ætlaðir eru til nota utandyra á afmörkuðum svæðum. Ekki er heimilt er að selja 12-16 ára gerðir 2D, 2E og 2J.

Þegar þessir skoteldar eru notaðir samkvæmt leiðbeiningum ættu þeir ekki að valda meiðslum á fólki sem stendur í 5 m fjarlægð eða meira frá þeim og þeir ættu ekki að valda skemmdum á eignum.

Slokna skal í hvers konar brennandi eða rauðglóandi efni, sem fellur í meira en 3 m fjarlægð frá notkunarstað, áður en það hefur fallið niður í 3 m hæð yfir jörðu.

Hvers konar leifar, að undanteknum pappír, pappa og frauðplasti, sem skjótast meira en 3 m til hliðar frá skoteldi, mega ekki vera þyngri en 1,0 g, ef prik frá flugeldum eru undanskilin.

Tafla 2. Skoteldar í 2. flokki

Gerð	Heiti	Lýsing	Meginverkun	Sérstakar athugasemdir
2A	Púðurkerling	Einföld pípa með púðri skipt í nokkur hólf, eða samtengdar smápípur (mest 1½" x ¼")	Nokkrir litlir hvellir, stundum brak eða ljós með	Sala bönnuð á púðurkerlingum með stærri pípum
2B	Gos	Einfaldur hólkur sem inniheldur sprengiefni	Samfelldur logi, neistaflug og/eða eldglæringar með eða án hávaða	
2C	Skotblys	Einfaldur hólkur (utanmál að hámarki ½") sem inniheldur skoteldseiningu/ar og knýhleðslu/r	Ein eða fleiri skoteldseiningar skjótast í röð út úr hólkinum og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða fjarri skothólkinum	
2D	Skotkaka	Samtengdir hólkur sem kveikt er í á jörðu. Hver hólkur inniheldur eina eða fleiri knýhleðslur og skoteldseiningar	Skoteldseiningamar skjótast upp, dreifast mikið, og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða	Ekki heimilt að selja til 12-16 ára. Bannað er að selja skotkökur sem hafa enga aðra virkni en sprengingar
2E	Snúningssól	Inniheldur sprengiefni og er ætlað að snúast um fastan punkt	Neglt á flöt. Snúningur, neistaflug og eldglæringar með eða án hávaða	Ekki heimilt að selja til 12-16 ára. Sala er bönnuð til almennings á snúningssólum stærri en 20 cm
2F	Flugeldur	Sjálfnúinn, með priki/-um (eða stýrivængjum) til að stýra flugi	Flýgur upp, þá getur heyrst hvellur og/eða skoteldseiningar skjótast út og mynda eldglæringar og/eða hávaða	
2G	Þyrta/Snælda	Sjálfnúíð, lyftir sér til flugs eða skoppar á jörðu	Snúningur og flug/skopp, eldglæringar með eða án hávaða	
2H	Garðstjörnuljós	Vír húðaður sprengiefni að hluta, ætlaður til að stingast í jörðu eða hengjast upp	Neistaflug	
2I	Stjörnuljós	Vír húðaður sprengiefni að hluta, haldið í óhúðaðan enda	Neistaflug	Innflutningur fosfórstjörnuljósa bannaður
2J	Handblys	Einfaldur hólkur með sprengiefni eða skoteldseiningum. Tréskaft á öðrum enda, og er haldið um það	Neistaflug, bjartur logi eða nokkrar fljúgandi eldkúlur	Ekki heimilt að selja til 12-16 ára
2X	Samsettur skoteldur	Samstæða gerð úr mörgum einingum sem tilgreindar eru undir 2B, 2C, 2E og 2G með einum kveik	Eins og getið er varðandi einstakar einingar	Eins og getið er varðandi einstakar einingar

*Skoteldar í flokki 3:*

Skoteldar sem henta til notkunar á stórum opnum svæðum. Um er að ræða skotelda sem skapa nokkra hættu og má eingöngu nota utandyra á vel opnum svæðum. Þá er óheimilt að selja yngri en 16 ára.

Pegar þessir skoteldar eru notaðir samkvæmt leiðbeiningum ættu þeir ekki að valda meiðslum á fólki sem stendur í 25 m fjarlægð eða meira. Þeir sem nota slíka skotelda ættu að klæðast viðeigandi hlífðarbúnaði.

Slokknar skal í hvers konar brennandi eða rauðglóandi efni, sem fellur í meira en 20 m fjarlægð frá notkunarstað, áður en það hefur fallið niður í 3 m hæð yfir jörðu.

Hvers konar leifar, að undanteknum pappír, pappa og frauðplasti, sem skjótast meira en 20 m til hliðar frá skoteldi, mega ekki vera þyngri en 1,0 g, ef prik frá flugeldum eru undanskilin.

<b>Tafla 3. Skoteldar í 3. flokki</b>				
<b>Gerð</b>	<b>Heiti</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Meginverkun</b>	<b>Sérstakar athugasemdir</b>
3A	Kínverji	Einföld pípa sem inniheldur [byssu]púður	Einn hvellur	Allur innflutningur bannaður
3B	Gos	Einfaldur hólkur sem inniheldur sprengiefni	Samfelldur logi, neistaflug og/eða eldglæringar með eða án hávaða	
3C	Skotblys	Einfaldur hólkur sem inniheldur skoteldseiningu/ar og knýhleðslu/r	Ein eða fleiri skoteldseiningar skjótast í röð út úr hólkinum og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða fjarri skothólkinum	Sala bönnuð til almennings á skotblysum með hólkvídd meiri en 1,5" að innanmáli
3D	Skotkaka	Samtengdir hólkar sem kveikt er í á jörðu. Hver hólkur inniheldur eina eða fleiri knýhleðslur og skoteldseiningar	Skoteldseiningarnar skjótast upp, dreifast mikið, og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða	Sala bönnuð til almennings á skotkókum með hólkvídd meiri en 2" að innanmáli, og yfir 25 kg að þyngd. Bannað er að selja skotkökur sem hafa enga aðra virkni en sprengingar, eða hafa tvo eða fleiri kveikjuþræði
3E	Snúningssól	Inniheldur sprengiefni og er ætlað að snúast um fastan punkt	Neglt á flöt. Snúningur, neistaflug og eldglæringar með eða án hávaða	Sala er bönnuð til almennings á snúningssólum með þvermál stærra en 20 cm
3F	Flugeldur	Sjálfnúinn hólkur, með priki/-um (eða stýri-vængjum) til að stýra flugi	Flýgur upp, þá getur heyrst hvellur og/eða skoteldseiningar skjótast út og mynda eldglæringar og/eða hávaða	Sala bönnuð til almennings á flugeldum með meira þvermál (hólkur/kúla) en 80 mm að utanmáli

Tafla 3. Skoteldar í 3. flokki

Gerð	Heiti	Lýsing	Meginverkun	Sérstakar athugasemdir
3G	Tívolíbomba	Kúla eða sívalningur sem ætlað er til að skjóta upp úr hólki (innanmál 4" eða minna) og inniheldur knýhleðslu, sprengipráð með töf, sprengjara og skoteldseiningar. Kúla og hólkur getur verið samstæða	Bomban skýst upp úr hólkinum, springur og skoteldseining/ar skýst/skjótast út og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða	Innflutningur á bombum sem skotið er upp úr minni hólkum en 3" er bannaður. Öll sala til almennings er bönnuð
3X	Samsettur skoteldur	Samstæða með mörgum þeim einingum sem tilgreindar eru undir 3B til 3F með einum kveik	Eins og getið er varðandi hinar einstöku einingar	

## Skoteldar í flokki 4:

Skoteldar sem ekki eru fullgerðir og/eða ekki eru ætlaðir til sölu til almennings. Um er að ræða skotelda sem geta skapað mikla hættu, eru eingöngu til notkunar á flugeldasýningum og ætlaðir eru til nota í umsjá sérfræðinga á sviði skotelda sem hlotið hafa viðurkenningu sem skotstjórar, eða skoteldar sem henta ekki af öðrum ástæðum til almenningsnota.

Tafla 4. Skoteldar í 4. flokki

Gerð	Heiti	Lýsing	Meginverkun	Sérstakar athugasemdir
4A	Kínverji	Einföld pípa sem inniheldur byssupúður	Hvellur	Allur innflutningur bannaður
4B	Gos	Einfaldur hólkur sem inniheldur sprengiefni	Samfelldur logi, neistaflug og/eða eldglæringar með eða án hávaða	
4C	Skotblys	Einfaldur hólkur sem inniheldur skoteldseiningu/ar og knýhleðslu/r	Ein eða fleiri skoteldseiningar skjótast í röð út úr hólkinum og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða fjarri skothólkinum	Hólkvidd meiri en 1,5" að innanmáli
4D	Skotkaka	Samtengdir hólkar sem kveikt er í á jörðu. Hver hólkur inniheldur eina eða fleiri knýhleðslur og skoteldseiningar	Skoteldseiningarnar skjótast upp, dreifast mikið, og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða	Hólkvidd meiri en 2" að innanmáli, eða þyngd yfir 25 kg eða tveir eða fleiri kveikþræðir
4E	Snúningssól	Búnaður með sprengiefni sem ætlað er að snúast um fastan punkt	Neglt á flöt. Snúningur, neistaflug og eldglæringar með eða án hávaða	Meiri en 20 cm að þvermáli
4F	Flugeldur	Sjálfnúinn hólkur, með priki /-um (eða stýrivængjum) til að stýra flugi	Flygur upp, þá getur heyrst hvellur og/eða skoteldseiningar skjótast út og mynda eldglæringar og/eða hávaða	Sala bönnuð til almennings á flugeldum með meira þvermál (hólkur/kúla) en 80 mm að utanmáli



Tafla 4. Skoteldar í 4. flokki				
Gerð	Heiti	Lýsing	Meginverkun	Sérstakar athugasemdir
4G	Tívolíbomba	Kúla eða sívalningur sem ætlað er til að skjóta upp úr hólki og inniheldur knýhleðslu, sprengipráð með töf, sprengjara og skoteldseiningar. Kúla og hólkur getur verið samstæða	Bomban skýst upp úr hólkinum, springur og skoteldseining/ar skýst/skjótast út og mynda eldkúlur, eldglæringar og/eða hávaða	
4H	Kínverjabelti	Margar samtengdar pípur (stærri en 1½" x ¼") sem innihalda púður	Margir hvellir, jafnvel tugir þúsunda	
4I	Kveikibúnaður	Rafkveikihetta, tefjari, kveikipráður, kveikiblys o.fl.	Til tenginga í flugeldasýningum o.fl.	
4X	Samsettur skoteldur	Samstæða með mörgum þeim einingum sem tilgreindar eru undir 4B til 4F með einum kveik	Eins og getið er varðandi hinar einstöku einingar	

### Merkingar á skoteldum og umbúðum.

Á umbúðum skotelda skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um framleiðanda, innflytjanda eða söluaðila, svo sem þekkt vörumerki eða nafn, heimilisfang og símanúmer. Ef framleiðandi er utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu koma fram upplýsingar um innflytjanda skotelda á svæðið.

Skoteldar og sölupakkningar skulu merktar með viðeigandi upplýsingum, annars vegar viðvörðunum vegna hættu sem getur stafað af skoteldi svo sem að ekki skuli haldið á hlutum og svo framvegis. Hins vegar leiðbeiningum um notkunina svo sem að haldið skuli á hlut með útréttum handlegg og svo framvegis.

Viðvaranir og leiðbeiningar skulu vera skýrar og læsilegar og á einlitum grunni. Þær skulu vera í sama ramma á merkimiða eða sýnilegar saman. Gætt skal samræmis við merkingar á mismunandi umbúðum skotelda.

Merkingar á skoteldum og umbúðum skulu vera á íslensku máli.

#### *Merkingar eftir flokkum.*

##### **Flokkur 1**

Allir skoteldar og sölueiningar sem innihalda aðeins skotelda í flokki 1, skulu merkt með eftirfarandi texta: „**SKOTELDAR SEM VALDA LÍTILLI HÆTTU**“.

##### **Flokkur 2**

Allir skoteldar og sölueiningar sem innihalda aðeins skotelda í flokki 2 skulu merkt með eftirfarandi texta: „**SKOTELDAR TIL NOTKUNAR UTANHÚSS**“ og „**Bannað að selja til yngri en 16 ára**“ (fyrir 2D, 2E, 2J).

##### **Flokkur 3**

Allir skoteldar og sölueiningar sem innihalda aðeins skotelda í flokki 3 skulu merkt með eftirfarandi texta: „**ÓFLUGIR SKOTELDAR**“. Á skoteldum í flokki 3 skal vera eftirfarandi viðvörðun: „**Hætta – eingöngu til notkunar utandyra á stórum opnum svæðum**“, „**Bannað að selja til yngri en 16 ára**“.

**Flokkur 4**

Á skoteldum í flokki 4 og á pakkningum sem innihalda þannig skotelda skal vera eftirfarandi viðvörðun: „**EKKI HEIMILT AÐ SELJA ALMENNINGI OG ALMENNINGI EKKI HEIMILT AÐ NOTA**“. Einnig skal merkja með viðeigandi innihaldslýsingu, viðvörðunum og leiðbeiningum um notkun.

*Aðrar merkingar á skoteldum.*

<b>Tafla 5</b>		
<b>Merking</b>	<b>Heiti gerðar</b>	<b>Gerðir skotelda</b>
<b>Aðvörðun – Innisprengja</b> Haldið með útréttri hendi, beinið frá líkamanum og togið í spottann með hinni hendinni.	Innisprengja	1C
<b>Aðvörðun – Borðsprengja</b> Látið borðsprengjuna standa upprétta á disk. Tendrið kveikinn og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Borðsprengja	1D
<b>Aðvörðun – Stjörnuljós</b> Notist utandyra. Kveikið í endanum með eldspýtu. Haldið í útréttri hendi, fjarri fötum og eldfimum efnum	Stjörnuljós	1G, 2I
<b>Aðvörðun – Púðurkerling</b> Notist aðeins utandyra á opnu svæði. Tendrið kveikinn með útréttri hendi og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Púðurkerling	2A
<b>Aðvörðun – Gos</b> Notist aðeins utandyra. Látið standa á sléttum fleti. Tendrið kveikin og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Gos	2B, 3B
<b>Aðvörðun – Handblys</b> Notist aðeins utandyra. Haldið hér (um skaftið) með útréttri hendi, tendrið kveikinn og beinið frá líkamanum. Geymist á öruggum stað.	Handblys	2J
<b>Aðvörðun – Skotkaka</b> Notist aðeins utandyra. Skýtur eldkúlum og neistaregni. Standi á þurrum og sléttum fleti á opnu svæði. Tendrið kveikinn og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Skotkaka	2D, 3D, 3X
<b>Aðvörðun – Skotkassi / Risaskotkaka</b> Kassinn standi utandyra á þurrum og sléttum fleti á rúmgóðu opnu svæði. Öryggisfjarlægð 25 metrar. Tendrið kveikinn og víkið strax frá áður en eldkúlur og neistaregn skjótast upp. Aðeins fyrir fullorðna, 18 ára og eldri. Geymist á öruggum stað.	Skotkaka	3D, 3X
<b>Aðvörðun – Skotblys / Standblys</b> Notist aðeins utandyra. Skýtur eldkúlum og neistaregni. Festið örugglega eða stingið kveiklausu endanum vel í jörðu. Tendrið kveikinn og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Skotblys	2C, 3C
<b>Aðvörðun – Sól</b> Notist aðeins utandyra. Festið alls ekki á eldnæmt efni. Tendrið kveikinn með útréttri hendi og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Sól	2E, 3E
<b>Aðvörðun – Flugeldur</b> Skjótíð flugeldinum utandyra úr stöðugri undirstöðu. Tendrið kveikinn með útréttri hendi og víkið strax frá. Geymist á öruggum stað.	Flugeldur	2F, 3F

Tafla 5		
Merking	Heiti gerðar	Gerðir skotelda
<b>Aðvörðun – Þyrlla / Smáflugeldur</b> Notist aðeins utandyra. Leggið þýrluna á þurran flöt á opnu svæði. Tendrið kveikinn og víkið frá áður en þýrlan flýgur upp í loftið. Geymist á öruggum stað.	Þyrlla	2G
<b>Aðvörðun – Snældur / Smáflugeldur</b> Notist aðeins utandyra. Leggið snælduna á þurran flöt á opnu svæði. Tendrið kveikinn og víkið frá áður en snældan skoppar af stað eftir jörðinni. Geymist á öruggum stað.	Flugeldur	2G

### Skoðun á skoteldum.

Lögreglustjóra er heimilt að taka skotelda á markaði til skoðunar/prófunar og meta öryggi þeirra við gerðar kröfur. Ekki þarf að vera rökstuddur grunur um frávik frá gerðum kröfum svo að slík skoðun/prófun verði framkvæmd.

### Bannlisti.

Eftirfarandi tafla sýnir gerðir skotelda á bannlista og er óheimilt að flytja inn, framleiða eða eiga þær nema með sérstöku leyfi lögreglustjórans í Reykjavík. Hann skal marka reglur um leyfða skotelda hverju sinni og skal þá tekið mið af reynslu fyrri ára um öryggi þeirra. Auk eftirtalinnna gerða heldur hann bannlista yfir einstakar framleiðslueiningar sem sérstök ástæða hefur þótt til að takmarka eða banna sölu á. Þessar reglur skal endurskoða árlega og getur lögreglustjórinn í Reykjavík bætt gerðum og framleiðslueiningum á bannlista, eða fellt út.

Gerð	Heiti	Athugasemdir
1B	Reykbomba	Sala bönnuð til almennings
1E	Hvellkúla	Allur innflutningur bannaður
1G, 2I	Stjörnuljós	Innflutningur bannaður á fosförstjörnuljósum
2K	Handblys	Innflutningur á handblysum skal ávallt sæta gerðarprófun
3A, 4A	Kínverji	Allur innflutningur bannaður
3G, 4G	Tívolíbomba	Allur innflutningur á minni en 3" bombum bannaður

### Geymsla skotelda.

Geymslustaðir skotelda eru háðir úttekt og samþykki, eftir því sem við á, lögreglustjóra, vinnueftirlits og slökkviliðsstjóra.

Geymslur skotelda skulu þannig gerðar, innréttaðar og staðsettar að ekki skapist sérstök hættu á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að skoteldar komist ekki í hendur óviðkomandi.

Gerð er sú krafa að húsnæði eða aðstaða þar sem skoteldar eru geymdir uppfylli viðunandi skilyrði um öryggi. Við mat á öryggi og nauðsynlegum öryggisfjarlægðum skulu eftirlitsaðilar, sbr. 1. mgr., taka mið af magni og vöruflokkum sem ætlunin er að hafa í viðkomandi geymslu. Við úttekt skal tekið mið af viðurkenndum stöðlum eða leiðbeiningum frá Brunamálastofnun um eldvarnir.

Óheimilt er að umpakka skoteldum á geymslustað eða stunda þar aðra starfsemi. Bannað er að geyma skotelda í flokki 4 með öðrum skoteldum.

Ekki þarf sérstakt leyfi fyrir geymslu óverulegs magns skotelda í heimahúsum dagana 28. desember til 6. janúar enda heimil sala og notkun skotelda til almennings.

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 10% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,10 sbr. þó staflíði b, c, d, e og f:
  - 1) Íbúðarhúsa og íbúðarlóða.
  - 2) Sumarhúsa og sumarhúsalóða.
  - 3) Bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum á Vestfjörðum frá Gilsfjarðarbotni að Hrutafjarðarbotni að Bæjarhreppi meðtöldum, svo og í Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, Raufarhafnarhreppi, Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi, Skeggjastaðahreppi, Vopnafjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Gerðahreppi og Grundarfjarðarbæ, sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða í Hafnarfjarðarkaupstað hækki um 5% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,05.
- d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í Seltjarnarhúskaupstað, Reykjanesbæ, Grindavíkurkaupstað, Sandgerðisbæ, Vatnsleysustrandarhreppi, Akraneskaupstað, Stykkishólmsbæ, Ólafsfjarðarbæ, Dalvíkurbyggð, Akureyrarkaupstað, Fellahreppi, Búðahreppi, Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn hækki um 15% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,15.
- e. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Hveragerði, á Egilsstöðum og í þéttbýli í Fjarðabyggð hækki um 20% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,20.
- f. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Siglufirði lækki um 5% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 0,95.
- g. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) hækki um 5% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,05.
- h. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. staflíð g hér að framan verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
- i. Matsverð hlunninda um allt land verði óbreytt og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,0.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2002 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins og tekur gildi 31. desember 2003.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 907 frá 18. desember 2002.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Hafsteinn S. Hafsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

1. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. kemur í stað 50% hlutfallið 40%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr., sbr. b-lið 1. mgr., 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# SAMÞYKKT

## um fráveitu í Fjarðabyggð.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Fjarðabyggð og rotþrær.

### II. KAFLI

#### Um fráveitur og rotþrær.

2. gr.

Fjarðabyggð starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana. Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

*Fráveita:* Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

*Fráræsi húseigna:* Fráræsi frá inntaki húss að skilgreindu fráveitukerfi bæjarins.

*Fráveituvatn:* Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

*Skólþ:* Húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og /eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum bæjarins og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Fráræsi húseigna er eign húseiganda og endar í tengibrunni sem er eign lóðarhafa við lóðarmörk að aðliggjandi götu þar sem fráveita bæjarins tekur við. Á lóðarblaði skal koma fram staðsetning og tengikóti á stút fráveitu við lóðarmörk.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild bæjarins ákveður legu götuholræsa og tengigreina ásamt tengikótum. Bæjarfélaginu er heimilt að tengja hús í þéttbýli við rotþrær ef kostnaðar- eða tækni- legar forsendur krefjast þess. Eru þær eign bæjarins og á ábyrgð hans.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum að lóðarmörkum og tengja þau við fráveituna. Húseigendur skulu halda skólþi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana fráveitu bæjarins, hvort sem hún er einföld eða tvöföld. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

## 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins við lóðarmörk, skal húseigandi leiða fráveituvatn að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarins. Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð þar sem rotþrær voru áður, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana sbr. 3. grein.

## 7. gr.

Í dreifbýli þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur eða annan sambærilegan og samþykktan búnað. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna, leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa og hlotið hefur viðurkenningu Umhverfisstofnunar. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til byggingareftirlits bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja fráveitu bæjarins. Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð, íslenskan staðal og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og á þeim fari fram nauðsynlegt viðhald. Fjarðabyggð er skylt að halda raski í lágmarki, ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigandi annast allt viðhald fráræsis húsa og rotþróa á sinn kostnað, er skylt að halda þeim vel við og tryggja að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu bæjarins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, og ekki sjaldnar en annað hvert ár, og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. Hreinsun fer fram á vegum Fjarðabyggðar

eða þess aðila sem falin er framkvæmd verksins og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits til að annast verkið. Tæknisvið bæjarins ákveður verktillögum og annað sem skiptir máli til að tryggja góðan árangur og Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með framkvæmd hreinsunar.

14. gr.

Fjarðabyggð annast alla meðferð seyru í bæjarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar að annast meðhöndlun seyru í umboði bæjarstjórnar.

15. gr.

Þar sem húseignir í dreifbýli liggja utan vega sem þola umferð hreinsibíla og ekki er kleift að koma þeim að rotþróum er tæming rotþróa á ábyrgð og umsjón húseignenda.

16. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um fráráesislagnir frá húseignendum vegna vatnsyfirborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseignendur koma fyrir sjálfvirkum flóðalokum við gólfniðurföll.

### III. KAFLI

#### Um fráveitu og rotþróargjald.

17. gr.

Bærinn skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóð-armörkum húseignenda við holræsakerfi bæjarins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Tengingjald skal innheimt við veitingu byggingarleyfis.

18. gr.

Af öllum fasteignum í Fjarðabyggð, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja eða rotþrær eru á ábyrgð og í eign bæjarins, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því m.a. varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

19. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,20% af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

20. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

21. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjald lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.



## 22. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþróum í dreifbýli skal húseigandi greiða útlagðan kostnað bæjarins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Gjald þetta er sett í gjaldskrá skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskrá er birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## 23. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 37/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekju-lítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

## 24. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

## 25. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti- og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um fráveitur í Fjarðabyggð nr. 138/2000.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur allra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum og liggja utan fráveitukerfa bæjarins við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla ákvæði hennar.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður á norðurkanti Soga-vegar, milli Réttarholtsvegar og Grensásvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. desember 2003.*

**Böðvar Bragason.**

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um ríkisaðstoð (II).

#### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð ráðsins (EB), sem vísað er til í lið 1c í XV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1177/2002 frá 27. júní 2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn.

#### 2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2002, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 9, dags. 13. febrúar 2003 (bls. 23), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

F. h. r

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

### Fylgiskjal.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 170/2002**

**frá 6. desember 2002**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)  
við EES-samninginn.**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002 (<sup>1</sup>).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 266, 3.10.2002, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB, 3.10.2002.

- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1177/2002 frá 27. júní 2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95) í XV. viðauka við samninginn:

„1ca. **2002 R 1177:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1177/2002 frá 27. júní 2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn (Stjtið. EB L 172, 2.7.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „framkvæmdastjórn“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“, nema í 2. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4. gr. þar sem hugtakið „framkvæmdastjórn“ er látið halda sér.
- b) Í 3. gr. lesist hugtakið „88. gr. sáttmálans“ sem „62. gr. EES-samningsins“.
- c) Í 3. gr. lesist annar málsliður: „Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvörðun samkvæmt bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.

##### 2. gr.

Texti reglugerðar EB nr. 1177/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(3)</sup>.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*

*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 172, 2.7.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1177/2002

frá 27. júní 2002

## um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum e-lið 3. mgr. 87. gr., 89. gr. og 133. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ríkisstjórn Lýðveldisins Kóreu, hér á eftir nefnt „Kórea“ undirrituðu samþykktu fundargerð varðandi alþjóðamarkað skipasmíðaiðnaðarins þann 22. júní 2000, hér á eftir nefnd „samþykktu fundargerðin“, með það fyrir augum að koma aftur á sanngjörnum og gagnsæjum samkeppnisskilyrðum. Af hálfu Kóreu hefur þó ekki verið staðið með skilvirkum hætti við skuldbindingar samkvæmt samþykktu fundargerðinni, einkum að því er varðar skuldbindingar um að tryggja skilvirkt kerfi verðlagseftirlits, og því hefur engin viðunandi niðurstaða náðst.
- 2) Rekstraraðstoð hefur ekki verið skilvirkt tæki til þess að tryggja að evrópskur skipasmíðaiðnaður bíði ekki tjón af samkeppni þar sem eðlileg samkeppnisskilyrði á skipasmíðamarkaðnum eru ekki virt. Þess vegna skal vera óheimilt, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1540/98 frá 29. júní 1998 um nýjar reglur um aðstoð til skipasmíða <sup>(3)</sup>, að veita rekstraraðstoð, sem grundvallast á samningi, til skipasmíða í tengslum við samninga sem eru gerðir eftir 1. janúar 2001.
- 3) Í undantekningartilvikum og til bráðabirgða, og til að veita aðstoð til skipasmíðastöðva bandalagsins í þeim geirum sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum í formi verulegs tjóns og alvarlegs skaða af völdum óréttmætrar samkeppni frá Kóreu skal þó heimila tímabundnar varnarráðstafanir sem skulu einungis ná til takmarkaðra markaðsgeira og standa yfir í stuttan og afmarkaðan tíma. Reglugerð (EB) nr. 1540/98 skal gilda að breyttu breytanda.
- 4) Staða skipasmíðaiðnaðarins í bandalaginu er misjöfn. Samkvæmt fjórðu og fimmtu skýrslu um stöðu skipasmíða í heiminum má telja um það bil helming af vegnum brúttótonnum, sem eru framleidd í skipasmíðastöðvum bandalagsins, til þeirra markaðsgeira þar sem skipasmíðastöðvar bandalagsins eru í sterkri stöðu á alþjóðamarkaði. Í öðrum geirum hafa skipasmíðastöðvar bandalagsins þó augljóslega orðið fyrir neikvæðum áhrifum í formi verulegs tjóns og alvarlegs skaða af völdum óréttmætrar samkeppni frá Kóreu. Þess vegna má heimila samningstengda bráðabirgðaaðstoð undir vissum kringumstæðum í þeim geirum, einkum fyrir gámaskip, tankskip fyrir unnar oliuvörur og efnaflutningaskip.
- 5) Með hina óvenjulegu þróun í þeim geira, sem snertir gasflutningaskip (LNG), í huga mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast með þeim markaði. Heimila má samningstengda bráðabirgðaaðstoð í þessum geira ef framkvæmdastjórnin staðfestir, á grundvelli rannsókna sem taka til ársins 2002, að iðnaður í bandalaginu hafi orðið fyrir verulegu tjóni og alvarlegum skaða í þessum geira af völdum ósamgjæmrar samkeppni frá Kóreu í jafn miklum mæli og orðið hefur raunin fyrir gámaskip, tankskip fyrir unnar oliuvörur og efnaflutningaskip.
- 6) Leyfa má stuðning sem nemur allt að 6% af samningsfjárhæðinni eins og hún er áður en aðstoð er heimiluð til að gera skipasmíðastöðvum bandalagsins kleift á skilvirkan hátt að standast óréttmæta samkeppni frá Kóreu.
- 7) Tímabundnar varnarráðstafanir skulu einungis leyfðar eftir að bandalagið hefur hafið málsmeðferð varðandi lausn deilumála við Kóreu í samræmi við samkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála og má ekki heimila þær eftir að deilan hefur verið leyst eða látin niður falla eftir slíka málsmeðferð á þeim forsendum að bandalagið telji að samþykktu fundargerðin hafi verið framkvæmd á skilvirkan hátt.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB C 304 E, 30.10.2001, bls. 208.<sup>(2)</sup> Stjótið. EB C 140 E, 13.6.2002, bls. 380.<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 202, 18.7.1998, bls. 1.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Að því er varðar þessa reglugerð gilda viðeigandi skilgreiningar sem eru settar fram í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1540/98. Auk þess skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

- a) „gámaskip“: skip sem er smíðað þannig að skipið er með einu þilfari með festingarbúnaði til að flytja gáma (staðlaða eða óstaðlaða, kælda eða ókælda) og hölfín og hugsanlega hluti af þilfarsgeymslurými eru búnir gáma-stýringu til að auðvelda frágang gámana. Önnur skip, sem hafa flutningsgetu bæði til gámaflutninga og annars konar farmflutninga, teljast vera gámaskip ef meiri hluti flutningsgetunnar er bundinn við gámaflutninga;
- b) „efnaflutningaskip“: skip sem er smíðað þannig að skipið er með einu þilfari með innbyggðum og/eða sjálfstæðum tönkum sem eru ætlaðir til flutnings á efnavörum í fljótandi formi. Efnaflutningaskip einkennast af því að með þeim er hægt að flytja og meðhöndla mörg efni samtímis og því að tankarnir eru sérstaklega húðaðir eftir því hvers eðlis farmurinn er og hver hætta stafar af honum;
- c) „tankskip fyrir unnar olíuvörur“: skip sem er smíðað þannig að skipið er með einu þilfari með innbyggðum og/eða sjálfstæðum tönkum sem henta til flutnings á hreinsuðum jarðolíuafurðum í fljótandi formi;
- d) „gasflutningaskip“ (Liquefied Natural Gas carriers): skip sem er smíðað þannig að skipið er með einu þilfari með föstum, innbyggðum og/eða sjálfstæðum tönkum sem eru ætlaðir til flutnings á jarðgasi í fljótandi formi.

## 2. gr.

1. Líta ber svo á að bein aðstoð vegna samninga um smíði gámaskipa, tankskipa fyrir unnar olíuafurðir og efnaflutningaskipa, svo og gasflutningaskipa, sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum þegar samkeppni hefur verið um samninginn frá kóreskri skipasmíðastöð sem býður lægra verð, sbr. þó 2. til 6. mgr.

2. Einungis má heimila beina aðstoð vegna samninga um smíði á gasflutningaskipum samkvæmt þessari grein þegar um er að ræða endanlega samninga sem eru undirritaðir eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* að hún staðfesti, á grundvelli rannsóknna sem taka til ársins 2002, að iðnaður í bandalaginu hafi beðið verulegt tjón og alvarlegan skaða í þessum markaðsgeira vegna óréttmætrar samkeppni frá Kóreu.

3. Heimila má aðstoð vegna skipasmíðasamninga samkvæmt þessari grein sem er að hámarki 6% af samningsfjárhæðinni eins og hún er áður en aðstoðin er veitt.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um skip sem eru afhent meira en þremur árum eftir undirritunardag endanlegs samnings. Framkvæmdastjórnin getur þó heimilað að þriggja ára tímamörkin fyrir afhendingu séu framlengd þegar það er talið réttlætlanlegt vegna þess hve tæknilega flókið viðkomandi skipasmíðaverkefni er eða af því að tafir verða vegna óvæntrar röskunar í vinnuferli skipasmíðastöðvarinnar, sem er veruleg og á sér skýringar, af völdum ytri aðstæðna sem heyrta til undantekninga og fyrirtækið getur ekki séð fyrir.

5. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða reglulega markaðsgeirana sem eiga rétt á aðstoð skv. 1. mgr. m.t.t. sönnunargagna sem sanna, svo ekki verður um villst, að tiltekinn markaðsgeiri innan bandalagsins hafi orðið fyrir beinu tjóni vegna óréttmætra og ógagnsærra samkeppnis-skilyrða.

6. Reglugerð (EB) nr. 1540/98 skal gilda að breyttu breytanda.

## 3. gr.

Ákvæði 88. gr. sáttmálans skulu gilda um aðstoð sem um getur í 2. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 88. gr. <sup>(1)</sup> EB-sáttmálans <sup>(2)</sup>.

## 4. gr.

Reglugerðin skal gilda um endanlega samninga sem eru undirritaðir frá gildistöku þessarar reglugerðar og þar til hún fellur úr gildi, að undanskildum endanlegum samningum sem eru undirritaðir áður en framkvæmdastjórnin tilkynnir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* að hún hafi hafið málsmeðferð varðandi lausn deilumála við Kóreu með því að fara fram á viðræður í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála og endanlega samninga sem eru undirritaðir einum mánuði eða meira eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* að málsmeðferð um lausn deilumála sé lokið eða hafi verið látin niður falla á þeim forsendum að bandalagið telji að samþykta fundargerðin hafi verið framkvæmd á skilvirkan hátt.

## 5. gr.

Þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og fellur úr gildi 31. mars 2004.

<sup>(1)</sup> Númeraröð greina í stofnsáttmála Evrópubandalagsins var breytt í Amsterdamsáttmálanum.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. ARIAS CAÑETE

*forseti.*

## REGLUGERÐ

**um (13.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.**

### 1. gr.

Fjárhæðir í eftirtöldum ákvæðum skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.

Í 6. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.

Í 10. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.

Í 14. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. og 26. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna.**

### 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vátrygging á húsi í smíðum, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða viðbyggingu við eldra hús, hefst um leið og vátryggingartaki hefur sannanlega afhent vátryggingafélagi beiðni þar um. Vátryggingarfjárhæð húss í smíðum fer eftir samkomulagi milli eigenda og vátryggingafélags.

Vátrygging húss, sem tekið hefur verið í notkun, gengur í gildi þegar vátryggingafélagið, einhver á vegum þess eða Fasteignamat ríkisins hefur sannanlega tekið við vátryggingarbeiðni, enda liggi fyrir beiðni um brunabótamat eignarinnar, sbr. 6. gr. Sama á við um gildistöku endurmats.

Vátryggingafélag skal ekki fella úr gildi brunatryggingu, hvort heldur er vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, nema fyrir liggja staðfesting á að húseigandi hafi tekið nýja vátryggingu hjá öðru félagi. Sé um eigendaskipti að ræða, gengur vátrygging í gildi á afhendingardegi, sem tiltekinn er í kaupsamningi um húseign eða öðrum eignarheimildarskjölum. Séu liðnir meira en 14 dagar frá afhendingu eignar við skráningu eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna eða upplýsingar liggja ekki fyrir um afhendingardag, skal vátrygging taka gildi á skráningardegi eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þóra M. Hjaltested.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, iðnaðarsvæði ofan Strandarvegar.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði ofan Strandarvegar utan Skuldarlækjar verður iðnaðarsvæði og er ætlað fyrir spennistöð/aðveitustöð RARIK.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 10. desember 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2004.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Sveitarfélaginu Ölfusi sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi skal vera kr. 7.570 á árinu 2004.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. maí en eindagi er 31. maí.

#### 2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

#### 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2004.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss, 27. nóvember 2003.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2004.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Ölfusi dagsett 27. janúar 2000.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 10.367 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeningar kr. 6.910.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaening kr. 14.259 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:



	<i>Sorpeyðingargjald kr.</i>	<i>Sorphreinsunargjald kr.</i>
1. flokkur	9.939	39.745
2. flokkur	19.883	79.485
3. flokkur	39.761	158.980
4. flokkur	79.522	317.961
5. flokkur	159.034	635.912
6. flokkur	238.557	953.867

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2004.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss, 27. nóvember 2003.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
933	3. des.	Gjaldskrá fyrir Vatsnaveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps .....	2743-2744
934	9. des.	Auglýsing um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni .....	2745
935	4. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ .....	2745
936	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeið- um 1988-2008, Brautarholt, Skeiða- og Gnúpverjahreppi .....	2745-2746
937	9. des.	Gjaldskrá Skagafjarðarveitna ehf. ....	2746-2748
938	9. des.	Samþykkt um hesthúshverfið Heimsenda í Kópavogi .....	2749-2752
939	10. des.	Reglugerð um útreikning, endurreikning og uppgjör tekju- tengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkis- ins .....	2752-2756
940	10. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Snæfellsbæ .....	2757
941	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995- 2015, hafnarsvæði á Ólafsvík (Bankastræti 1a) .....	2757
942	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, Hvoll .....	2758
943	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995- 2015, Kinnarland .....	2758
944	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988- 2008, svæði fyrir opinberar stofnanir, neðan Dalbrautar, Fjarðabyggð .....	2759
945	9. des.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjó- eggjum og mysudufti .....	2759-2760
946	9. des.	Reglugerð um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla .....	2760-2761
947	8. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit .....	2762
948	9. des.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum .....	2762-2763
949	3. des.	Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda .....	2763-2764
950	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995- 2015, Traðarland .....	2764
951	15. des.	Auglýsing (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um út- hlutun byggðakvóta .....	2765
952	15. des.	Reglugerð um skotelda .....	2766-2783
953	12. des.	Auglýsing um nýtt fasteignamat .....	2783-2784
954	11. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 841/2002 um greiðslubátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun .....	2784
955	11. des.	Samþykkt um fráveitu í Fjarðabyggð .....	2785-2788
956	10. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	2788
957	11. des.	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um ríkisaðstoð (II) .....	2789-2793
958	12. des.	Reglugerð um (13.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða .....	2793
959	11. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna .....	2793-2794
960	10. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977- 1997, iðnaðarsvæði ofan Strandarveggar .....	2794
961	27. nóv.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2004 .....	2795
962	27. nóv.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2004 .....	2795-2796

